



SKOÐUN Bjarni og Gunnar Bragi tala í takt um ESB – eins og rapparar, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**



MENNING Hjónin Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson hafa slegið í gegn með hönnun sinni. **26**



SPORT Það voru óvænt úrslit í leikjum gærkvöldsins í Pepsi-deild karla en tveimur leikjum var frestað. **20**

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
2. september 2013
205. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt örefttbláskönnun Casapoint Gallup janúar - maí 2012

FRÉTTIR



Tímamót í rannsóknnum

Ísland hefur hlotið fulla aðild að Evrópsku veðurtunglastofnuninni. Ávinningurinn er mikill. Ísland fær óheftan aðgang að gögnum er varða fjölmarga þætti náttúruvafars. **2**

Ráðherrakapall í uppsiglingu

Þrjár þingkonur Framsóknar eru orðaðar við ráðherrastól sem forsætisráðherra boðar að skipa í. **2**

Réttarbót fyrir utangarðsfólk

Ný úttekt Reykjavíkurborgar miðar að því að bæta stöðu útigangsfólks. **8**

Skiptar skoðanir

Fulltrúar meirihluta og minnihluta í Reykjavíkurborg eru ósammála um upplýsingagjöf úr lestrarskimun skóla. **10**

20 milljarðar í nýju aflamarki

Hækkun aflaheimilda gæti þýtt tuttugu milljarða fyrir þjóðarþúið eða eins prósentis hækkun á landsframleiðslu, segir framkvæmdastjóri SA. Útvegsmaður segir verðlækkun síðasta árs vega upp á móti hækkuninni.

SJÁVARÚTVEGUR Miðað við núverandi verðforsendur gæti verðmæti þeirrar hækkunar á aflaheimildum fyrir fiskveiðiárið sem hófst í gær numið tuttugu milljörðum, segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Mér sýnist það, svona fljótt á titið,“ segir hann. „Það hefði í för með sér um eins prósentis aukningu á landsframleiðslu.“

Alls er úthlutað 381.431 tonni í þorskígildum talið. Sé aflamark síðasta árs reiknað út í þorskígildum nýhafins fiskveiðiárs er munurinn á milli áranna tæplega 33 þúsund tonn. Í peningum gæti munurinn hins vegar verið um tuttugu milljarðar.

Fjórtn þúsund tonnum er bætt við aflamarkið í þorski og er heildaraflamarkið fyrir þetta fiskveiði-

ár um 171 þúsund tonn. Einnig hækkar aflamark í karfa, ufsa og síld.

Þorsteinn segir þetta geta boðað betri tíð í þjóðarþúskapnum. „Ekki veitir af enda hefur heldur verið að hægja á hagvexti á undanförunum misserum og horfur fram undan nokkuð óljósar,“ segir hann. „Ef stjórnmöldum tekst að aflétta þeirri óvissu sem einkennt hefur rekstrarumhverfi sjávarútvegs undanfarin ár vegna óvissu um framtíðarfyrirkomulag fiskveiðistjórnunar sem og stórauðinnar skattbyrði greinarinnar þá má einnig reikna með því að fjárfestingar aukist nokkuð í sjávarútvegi á nýjan leik. Slíkt myndi einnig hafa afar jákvæð áhrif á hagvöxt enda fjárfestingar verið hættulega litlar hér á landi undanförunum fimm ár.“

Hækkun vegur varla upp á móti verðlækkun

„Auðvitað eru þetta góð tíðindi,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar og varamaður í stjórn LÍÚ. „En þorskerfið hefur lækkað mjög mikið og ég efast satt að segja um að þessi hækkun á aflamarki vegi upp á móti verðfalli síðasta árs. Ég hef nú ekki reiknað það enn en ég óttast að það sé nú samt þannig, því miður. En það má ekki draga úr því að þetta eru góð tíðindi með þessa úthlutun, þetta sýnir að þorskerfið er heilbrigður og auðvitað á maður að gleðjast yfir því.“



SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON

Hæsta hlutfall aflamarksins í ár kemur í hlut HB Granda eða rúm ellefu prósent. Samherji kemur næst með tæp sjö prósent og svo Þorbjörn í Grindavík með fimm og hálf prósent. Þetta er sama sætaröðun og í fyrra. Mestu verður landað í Reykjavíkurborg, Grindavík og Vestmannaeyjum.

því næst Vestmannaeyjum og svo Grindavík

Þótt flest sé með hefðbundnu sniði ber einnig á nýlundu við þessa úthlutun en nú er í fyrsta sinn úthlutað þremur nýjum tegundum, blálöngu, gulllaxi og litla karfa. -jse



Bolungarvík	8°	SA 10
Akureyri	10°	S 8
Egilsstaðir	12°	SV 8
Kirkjubæjarkl.	8°	SA 7
Reykjavík	9°	SA 15

Vaxandi SV-átt Allhvasst eða hvasst um allt land í dag. Rigning eða skúrir um allt vestanvert landið en bjart austan til. Hiti 8-13 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Sporthúsið | Fólk



REBBI Í MÖÐRUDAL Ljósmyndarar Fréttablaðsins mæta venjulegast vingjarnlegu viðmóti í vinnunni. Á því var þó undantekning þegar Vilhelm Gunnarsson brá sér í Möðrudal á Fjöllum fyrir skemmstu og mætti þessum viðskotilla ferfætlingi. Það sést vel á svipnum hvaða skoðun lágfóta hefur á svona snápum með myndavél fyrir andlitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Deildarforseti við HÍ um gagnrýni á mál Jóns Baldvins Hannibalssonar:

„Komin upp önnur umræða“

MENNTAMÁL Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindadeildar, segist ekki taka til sín gagnrýni prófessora við Háskóla Íslands og fyrrverandi innanríkisráðherra varðandi málefni Jóns Baldvins Hannibalssonar. Jón átti að vera gestafyrirlesari við skólann en ráðning hans var dregin til baka.

Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor, Stefán Ólafsson félagsfræðiprófessor og Ögmundur

Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra og þingmaður Vinstri grænna, hafa allir gagnrýnt málsmeðferðina opinberlega.

„Alveg eins og ákvörðunin sem Baldur [Þórhallsson] tók um að biðja Jón Baldvin ekki að hjálpa sér í þessari kennslu, þá verður einhver ákvörðun í hina áttina niðurstaða úr einhverri umræðu,“ segir Daði í samtali við Fréttablaðið.

„Nú er komin upp önnur umræða um aðrar hliðar þessa máls og hana þarf bara að taka. Háskólinn er fræðasamfélag þar sem ýmis sjónarmið eru uppi.“

Á Facebook-síðu sinni segir Þorvaldur meðal annars að í þessu máli þurfi Háskóli Íslands „taka sér tak“. Rektor ætti að „biðjast afsökunar fyrir hönd Háskólans ellegar segja af sér“.

„Alls enginn heilsuborgari“: Cronut-borgari í boði á Íslandi

MATUR „Þetta er alls enginn heilsuborgari,“ segir Baldur Hafsteinn Guðbjörnsson, yfirkokkur á veitingastaðnum Roadhouse, en frá og með næstu viku verður hægt að fá svokallaðan cronut-borgara á Roadhouse.

Baldur segir að búið sé að blanda saman croissant og donut og því heiti borgarinn „cronut“ en hann er margra hæða með beikoni á milli.

Hugmyndin er fengin frá Bandaríkjunum og hefur slegið í gegn vestanhafs. Cronut-borgarinn verður fánlegur í takmörkuðu magni. -mmm / sjá síðu 26



CRONUT-BORGARINN

SÆNSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNIN 2012

NÝ KILJA eftir metsöluhöfundinn Ásu Larsson

ASA LARSSON

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Kassakerfi & sjóðsvélar á betra verði

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

WINCOR NIXDORF

ÁSTRÍÐU-FULL OG ÁLEITIN

LÆTUR ENGAN ÖSNORTINN

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

SPURNING DAGSINS



Hreiðar, er þetta nýja hótél ekki fyrir neðan allar hellur?

„Nei, það er fyrir neðan hina einu sönnu Hellu.“

Hreiðar Hermannsson er framkvæmdastjóri Stracta konstruktion sem nú reisir 130 herbergja hótél við Hellu.

Forsætisráðherra boðar í viðtali á Bylgjunni að ráðherrum verði fjölgað í ríkisstjórninni:

Þrjár konur orðaðar við ráðherrastólinn

STJÓRNMÁL Þrjár konur eru, samkvæmt heimildum fréttastofu 365, orðaðar við ráðherraembætti sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að til standi að skipa í fljótlega. Nýr ráðherra mun meðal annars fara með auðindamál.

Í umræðu um þessi mál á þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær sagði Sigmundur: „Það kemur að því fljótlega, það veltur á því hvernig vinnu við verkaskiptingur ráðuneyta vindur fram. Það er allavega ljóst að það verður til sterkt ráðuneyti sem fer meðal annars með umhverfismál.“

Samkvæmt heimildum fréttastofu þykir lík-

legt að skipað verði í embættið í lok þessa árs.

Í ljósi núverandi kynjahlutfalls í ráðherra-hópi Framsóknarflokksins þykir líklegt að kona muni gegna því.

Áhrifafólk í flokknum sem fréttastofa ræddi við orðaði þrjár konur við embættið; þær Vigdís Hauksdóttir, Sigrúnu Magnúsdóttur og Silju Dögg Gunnarsdóttir.

Vigdís er oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður og formaður fjárlaganefndar, Sigrún er formaður þingflokks og Silja Dögg er þingmaður Framsóknarflokksins úr Suðurlanddæmi og á sæti í utanríkismálanefnd.



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

SIGRÚN MAGNÚSS-DÓTTIR

SILJA DÖGG GUNNARS-DÓTTIR

- kk



HÆSTÁNÆGD MED GJÖFINA Börnin á leikskólanum Laufásborg voru ánægð með Jarðarboltann sem Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti þeim á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnufræðivefurinn gefur nýtt kennslutæki:

Jarðarbolti í alla skóla

SKÓLAMÁL Stjórnufræðivefurinn hefur í samstarfi við alþjóðlega fræðsluverkefnið EU Universe Awareness (EU UNAWA) og innlenda stuðningsaðila, fært öllum leik- og grunnskólum á Íslandi Jarðarbolta að gjöf. Boltinn er uppblásið líkan af jörðinni og þykir framúrskarandi kennslutæki fyrir börn. Tilgangurinn með gjöfinni er að efla áhuga barna á náttúru og vísindum. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti leikskólanum Laufásborg í Reykjavík fyrsta boltann á fimmtudag en á sama tíma var krakkavefur Stjórnufræðivefsins, Geimurinn.is, stofnaður.

- ka

Ungur nauðgari á Indlandi:

Dæmdur til betrunarvistar

INDLAND, AP Indverskur ungmenntadómstóll dæmdi um helgina yngsta sakborninginn í hrottalegu nauðgunarmáli til þriggja ára betrunarvistar á unglingaheimili.

Pilturinn var í hópi manna sem tók ungt par upp í strætisvagn, barði manninn og nauðgaði og misþyrmdi konunni með þeim afleiðingum að hún lést síðar af sárum sínum.

Sakborningurinn var 17 ára þegar hann tók þátt í ódæðinu og höfðu foreldrar fórnarlambins óskað eftir því að hann hlýti dauðarefsingu þrátt fyrir unga aldur.

- áo

Vinsælt forrit í snjalltæki:

50.000 hafa sótt Bylgju-appið

FJÖLMIDLAR Alls hafa 50.000 Íslendingar nú sótt Útvappið, sem er nýtt smáforrit fyrir snjallsíma. Það gerir notendum kleift að hlusta á dagskrá allra miðla 365 í beinni útsendingu sem og eldri upptökur þátta. Bylgjan er í eigu 365 miðla líkt og Fréttablaðið.

„Appið er vinsælasta íslenska smáforritið fyrir snjallsíma,“ segir Ágúst Héðinsson, forstöðumaður útvarps 365 miðla.

„Þannig mætti segja að Íslendingar hafi slegið Íslandsmet í niðurhali á Útvappinu og jafnvel heimsmet ef horft er til höfðatölu.

- áo

Bættar mælingar og vöktun úr geimnum

Ísland hefur nú fulla aðild að Evrópsku veðurtunglastofnuninni. Nú fæst óheftur aðgangur að mikilvægum gögnum er varða fjölmarga þætti náttúrufars. Greið leið opnast að rannsóknarverkefnum og Ísland mun koma að stefnumörkun.

NÁTTÚRA Ísland hefur hlotið fulla aðild að Evrópsku veðurtunglastofnuninni (EUMETSAT). Ávinningurinn er mikill þar sem Ísland fær óheftan aðgang að gögnum er varða fjölmarga þætti náttúrufars.

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðindaráðherra, og Alain Ratier, forstjóri EUMETSAT, undirrituðu samning þessa efnis á föstudag.

Ísland hefur verið samstarfsaðili að stofnuninni síðan 2006 og haft aðgang að gögnum samkvæmt tímabundnum aðlögunarsamningi. Með fullri aðild tryggja Íslendingar sér óheftan aðgang að gögnum sem nýtast til dæmis við veðurspár og loftslagsrannsóknir, vegagerð, haf- og náttúrufræðirannsóknir, fyrir háskóla og hugbúnaðarfyriretæki.

Alain Ratier segir að þegar horft sé til framtíðar, og nefnir ártölin 2020-2040, komi til sögunnar nýr búnaður og tækni. Vinna næstu ára sé ekki síst falin í að þjálfa þá sem koma til með að nýta þá tækni. Hann nefnir öryggi sem fylgir bættri tækni, en ekki síður kosti fyrir efnahagslíf þjóða í heild sinni. „Rannsóknir okkar sýna að verðmæti þess að spá nákvæmlega fyrir um veður í Evrópu er metið á tugi milljarða evra á ári. Hluta þessara verðmæta sem sparast má þakka bættari veðurtunglatækni.“

Ingvar Kristinsson, þróunarstjóri Veðurstofu Íslands, segir að almenn vöktun og mælingar á náttúrufari séu sífellt mikilvægari í rekstri gervitungla.

„Hvað okkur Íslendinga varðar þá eru gervitunglagögn ómetanleg við að átta sig á öldu og öldufari, vöktun á hafs, hitamælingar



SAMNINGUR HANDSALAÐUR Sigurður Ingi Jóhannsson og Alain Ratier við undirritun aðildarsamnings Íslands að EUMETSAT í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dreifir gögnum allan sólarhringinn

■ Evrópska veðurtunglastofnunin er milliríkjastofnun um rekstur gervitungla, upphaflega stofnuð af evrópskum veðurstofum 1986 í þeim tilgangi að útvega gervitunglagögn til notkunar við veðurspár, veðurspárreikninga og loftslagsathuganir sérstaklega með hagsmuni alþjóðaflugslins í huga.

■ Afurðum hefur fjölgað síðan þá og notkunarsviðið vikkað. EUMETSAT framleiðir og dreifir gögnum til veðurstofa aðildarlanda allan sólarhringinn, alla daga ársins og er í samstarfi við veðurstofur innan vébanda Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar WMO.

sjávar og fleira. Þessar upplýsingar skipta okkar sjávarútveg miklu máli. Gervitungl eru í auknum mæli notuð til að vakta eldfjöll; bæði til þess að fylgjast með fyrirboðum goss og eins til að fylgjast með gosvirkni og útbreiðslu ösku eftir að gos er hafið,“ segir Ingvar og bætir við að alþjóðaflug-ið leggi mikla áherslu á að haldið verði áfram að þróa og bæta greiningar á gosösku í andrúmslofti og nýta gervitunglagögn til að sjá

fyrir um útbreiðslu hennar í eldgosum. Ingvar segir að mælingar með gervitunglum hafi reynst hagskvæmari kostur en víðtækt mælanet á jörðu niðri. Því sé meira og betra aðgengi að þessum gögnum okkur Íslendingum mikilvæg.

Næsta stóra verkefni EUMETSAT er að setja í loftið gervitungl til að fylgjast með norðurskauts-svæðinu, og mun það bæta þjónustu við Ísland verulega.

svavar@frettabladid.is

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs tekur undir kvörtun íbúa um lélegt netsamband:

Skora á Símann að bæta netið

FJARSKIPTI Netsamband í dreifbýli á Fljótsdalshéraði er bæði lélegt og sveiflukennt að því er segir í kvörtun eins íbúans til bæjarráðs sem tekur undir með íbúanum.

Bæjarráð kveðst telja að við fyrsta tækifæri þurfi að gera verulegt áttak til að bæta net- og fjarskiptasamband víða í dreifvöngu byggðum Fljótsdalshéraðs. Það eigi við um þéttbýlið á Hallormsstað, Brúarási og Eiðum og einnig á einstökum sveitabæjum á Fljótsdalshéraði.

Vísar bæjarráðið til bréfs Símans um að búnaður á Hallormsstað verði ekki uppfærður í ár. Í því sé heldur ekki minnst á aðra hluta dreifbýlisins.

„Bæjarráð beinir því til Símans að í framkvæmda-áætlun vegna ársins 2014, verði símsstöðin á Hallormsstað uppfærð þannig að notendur þar njóti sambærilegra gæða í net- og sjónvarpsþjónustu og íbúar í þéttbýlinu á Fljótsdalshéraði,“ segir bæjarráðið sem vill líka að skoðaðar verði ýmsar aðrar símsstöðvar. „Einnig verði sérstaklega hugað að þeim svæðum í dreifbýli Fljótsdalshéraðs, þar sem netsambandi með stuðningi Fjarskiptasjóðs var ekki komið á, eða fengu ekki ásættanlega úrlausn mála í því áttaki.“

- gar



Á HALLORMSSTAÐ Heimamenn vilja að fjarskiptasamband á Hallormsstað verði eins gott og í þéttbýli.

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HONDA
The Power of Dreams

HALLÓ BORG.

CR-V SNIDINN FYRIR SNÚNINGA.



*Myndin sýnir Honda CR-V Executive útgáfu.

HONDA CR-V 4X4, KOSTAR FRÁ KR. 5.490.000

HALLÓ. MEIRA NÝTT.

Halló Borg! Allir þekkja lipurð og öryggi Honda CR-V. Fjórða kynslóð Honda CR-V setur ný viðmið í ferðarægindum, gæðum innréttinga og auknu öryggi í akstri. Ný stopp-start tækni ásamt sparnaðarráðgjafa lækkar eldsneytiskostnaðinn. Upplýsingaskjúr, átta fjarlægðarskynjarar og bakkmyndavél vikka sjóndeildarhringinn. Með aksturseginnleika Honda CR-V óskar þú þér fleiri ferða um borg og bæ. Lifðu meira nýtt og veldu Honda CR-V, besta 4x4 bíl ársins samkvæmt Total 4x4 Magazine.

WWW.HONDA.IS/CR-V



Umboðsaðilar:
Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

TILBOÐSDAGAR

15-50%

AFSLÁTTUR

PARKET

FLÍSAR

HURÐIR

Birgisson

Ármúli 8 | 108 Reykjavík
Sími 516 0600 | www.birgisson.is

30 ára
ábyrgð

VEISTU SVARIÐ?



- 1. Hver verður heiðursgestur kvikmyndahátíðarinnar RIFF?
- 2. Hver var ráðinn þjálfari knattspyrnulandsliðs kvenna?
- 3. Hver er lágmarksnámsframvinda á önn samkvæmt viðmiðum LÍN?

SVÖR: 1. Lukás Moodysson, 2. Freyr Alexandersson, 3. Álfán einingarár.

Samherji og Vignir hf. sækjast eftir vottun fyrir tvær nýjar tegundir: Íslensk grásleppa í sérflokk

SJÁVARÚTVEGUR Vignir hf. á Akranesi er í svokölluðu fiskveiðimati hjá vottunarfirmar-tæki með það fyrir augum að fá gæðavottun frá Marine Stewardship Council (MSC) á grásleppu. Fari sú úttekt eins og til er ætlast verður það í fyrsta sinn sem grásleppa hlýtur slíka vottun.

Samherji stendur í sams konar vinnu til að fá vottun á karfa, sem hefur heldur hvergi fengið slíka vottun.

„Þessi vottun myndi þýða að við hefðum greiðari aðgang að smásölunni,“ segir Eiríkur Vignisson, framkvæmdastjóri Vignis. Hann segist vonast til að vera með hana innan nokkurra mánaða. Vignir flytur út á bilinu þrjú



EIRÍKUR VIGNISSON

til fjögur þúsund tonnur á ári af hrognum. Þær fara á Norður-Evrópumarkað þar sem MSC-vottunin nýtist best. Grásleppuna sjálfa selur fyrirtækið í Kína, þar sem grásleppan hefur haslað sér völl á markaðnum, en þar eru hins vegar engar kröfur gerðar um vottun.

Gísli Gíslason, sérfræðingur MSC á Íslandi, segir að auk þessara tveggja tegunda sé einnig unnið að því að fá MSC-vottun fyrir síld og ufsa.

Reykjavíkurflygvöllur: Hagur allra í landinu ráði

SAMGÖNGUR „Byggðaráð treystir því að frekari ákvarðanir um flygvöllinn í Vatnsmýrinni verði teknar með hagsmuni íbúa alls landsins að leiðarljósi,“ segir byggðaráð Dalvíkurbyggðar sem uppi séu um lokun flygvallar í Vatnsmýrinni í Reykjavík.



SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar

„Byggðaráð bendir á mikilvægi flygvallarinnar fyrir sjúkraflug. Einnig fyrir aðgengi landsmanna að stjórnsýslu og stofnunum ríkisins. Byggðaráð telur greiðar samgöngur við höfuðborgina vera mjög mikilvægar í sambúð höfuðborgar og landsbyggðar og að það séu hagsmunir beggja að gagnvegir séu sem greiðastir.“

Telur matvörukeðjur skipta landinu niður

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárbings eystra, telur að matvörukeðjur hafi skipt landinu á milli sín og eigi ekki í samkeppni nema þar sem ágóðavonin sé mest. Fráleit og sérkennileg ummæli svarar rekstrarstjóri Kjarvalsverslananna.

SAMKEPPNISMÁL „Við höfum á tilfinningunni að stóru keðjurnar hafi skipt landinu á milli sín og láta hverjar aðrar í friði á þeim svæðum þar sem þær telja minnsta ágóðavon,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárbings eystra.



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON

Sveitarstjórnarmenn í Rangárbingi hafa um nokkra hríð reynt að láða lágvöruverðsverslun á Hvolsvöll. Þar er nú eina matvöru-búðin úr Kjarvalskeðjunni sem Kaupás rekur víða á Suðurlandi. Heimamenn hafa lýst óánægju með vöruverð sem þeir segja vera of hátt í Kjarval.

Ísólfur Gylfi segir sveitarstjórnina hafa gert það sem hún geti í þessum efnum. „Við höfum talað við alla þá stærstu í verslunarrekstrinum: Bónus, Nettó og Krónuna en Kaupás rekur hér Kjarvalsverslun,“ segir Ísólfur sem eins og fyrr kemur fram kveðst telja stóru matvörukeðjurnar ekki keppa á innbyrðis á tilteknum svæðum.

„Hins vegar keppa þær á svæðum þar sem fleiri íbúar búa,“ segir Ísólfur og bendir á í þessu sambandi að gríðarlegur ferðamannastraumur sé í Rangárbingi auk þess sem þar séu stór frístundasvæði.

Vilja að sveitarfélagið byggi undir lágvöruverðsverslun

Síðfstaðeignir í Rangárbingi eystra vilja að sveitarfélagið gangist fyrir byggingu húss fyrir lágvöruverðsverslun á Hvolsvelli. Sveitarstjórnin segir lengi hafa verið reynt að fá slíka verslun í bæinn. Það sé mikilvægt.



ELVAR EYVINDSSON

„Við höfum á tilfinningunni að stóru keðjurnar hafi skipt landinu á milli sín og láta hverjar aðrar í friði á þeim svæðum þar sem þær telja minnsta ágóðavon,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárbings eystra.

„Alengt er að hér sé fólk sem hefur tvöfalda búsetu og mikil aukning hefur orðið hér á umferð eftir að Landeyjahöfn var tekin í notkun. Hvolvsföllur er á köflum eins og lítill ferjubær í Danmörku. Við höfum ekki gefið upp vonina því lágvöruverðsverslun skiptir íbúana miklu máli,“ segir Ísólfur Gylfi.

„Þessi ummæli eru vægast sagt sérkennileg,“ segir Bjarni Jóhannesson, rekstrarstjóri Kjarvalsverslananna. „Það er algerlega auðsætt hversu virk samkeppnin er á íslenskum markaði. Að halda því fram að það séu einhvers konar samráð um skiptingu landsvæða er fráleitt. Það er akkurat ekkert slíkt í gangi.“

Kaupás rekur sex Kjarvalsverslanir á Suðurlandi. Bjarni segir þær vera hluta af gömlu

FRÉTTABLAÐIÐ

30. MAÍ 2013 Minnihlutinn í sveitarstjórninni lagði til í vor að byggj yfri nýtt verslunarhús á Hvolsvelli til að láða að lágvöruverðsverslun. Meirihlutinn vill frekar verslun í núverandi húsnæði sem sveitarfélagið á. Kjarval á forleigurétt að því.



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Bæjarráð Fljóttsdalahéraðs hvetur íbúa til þess að skrifa undir lista vegna framtíðar Reykjavíkurflygvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Áskorun á Fljóttsdalahéraði: Mót mæli lokun flygvallarinnar

SEIARSTJÓRNIR Bæjarráð Fljóttsdalahéraðs segir fyrirhugaða lokun Reykjavíkurflygvallar á komandi árum vekja furðu. „Bæjarráð hvetur íbúa Fljóttsdalahéraðs til að láta skoðun sína á málinu í ljósi og bendir meðal annars á undirskriftasöfnun þá sem nú er í gangi vegna framtíðar Reykjavíkurflygvallar,“ segir bæjarráðið sem jafnframt hvetur önnur sveitarfélög og hagsmunaaðila til að andæfa. „Gangi hugarmyndir borgaryfirvalda eftir er eðlilegt að stjórnvöld taki til endurskoðunar staðsetningu stofnana ríkisins sem hingað til hefur þótt eðlilegt að væru staðsettar í höfuðborg landsins.“

Að halda því fram að það séu einhvers konar samráð um skiptingu landsvæða er fráleitt.

Bjarni Jóhannesson rekstrarstjóri Kjarvalsverslananna



verslunum Kaupfélags Árnese. Hins vegar sé horft á landið allt sem markaðssvæði. „Þó að við séum ekki með rekstur um allt land í dag er ekki útilokað að við sækjum inn á ný svæði,“ segir rekstrarstjóri Kjarvals.

gar@frettabladid.is

Kísilverksmiðja á Bakka: Tryggi kaup á orku fyrirfram

IDNAÐUR Fyrirtækið Thorsil ehf. sem fyrirhugar að reisa og reka kísilverksmiðju í landi Bakka við Húsavík þarf að tryggja sér raforku fyrir starfsemina til að geta verið í samstarfi við Norðurþing, segir bæjarráð sveitarfélagsins.

Þetta kemur fram í umsógn sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði eftir vegna umsóknar Thorsil um ívilnanir vegna nýfjarfestinga á Íslandi. Gert er ráð fyrir ársframleiðslu allt að eitt hundrað þúsund tonnum af kísilmálm. Þá gerir Norðurþing kröfu um reynslu, skýra áætlun, faglega nálgun og fjárhagslegan styrk auk góðs samstarfs við heimamenn. - gar

Hagnaður var 43% minni: Afkoma Eimskips var undir væntingum

VIÐSKIPTI Hagnaður Eimskips á fyrstu sex mánuðum ársins nemur 4,6 milljónum evra, jafnvirði 731 milljónar króna, samkvæmt hálfársuppgjöri. Þetta þýðir að hagnaður félagsins hefur dregist saman um 42,7 prósent milli ára en hann nam tæplega átta milljónum evra á sama tímabili í fyrra.

Uppgjörð var undir væntingum félagsins og segir í uppgjöriinu að samdráttur í innflutningi til landsins og viðbótarkostnaður við fjölgun um eitt skip í nýju siglingakerfi félagsins hafi haft neikvæð áhrif á afkomuna. - le

LEIÐRÉTT

Villa var í skifuriti með frétt blaðsins á laugardag um íslensk fyrirtæki og samfélagslega ábyrgð. Hið rétta er að 15% Íslendinga töldu fyrirtæki standa sig vel í þeim málum, 42% töldu þau standa sig illa og 43% hvorki vel né illa.

wise - snjallar lausnir

hvert er þitt hlutverk?

Wise býður fjölbreyttar viðskiptalausnir fyrir fólk með mismunandi hlutverk.

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 102, Akureyri | sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

Microsoft Dynamics NAV | Microsoft Partner Gold Enterprise Resource Planning Silver Independent Software Vendor (ISV)

Loksins á Íslandi!

Nicotinell með Spearmint bragði
- auðveldar þér að hætta reykingum

NÝTT

Nicotinell
Spearmint

Nicotinell
Spearmint



Nicotinell er samstarfsaðili
Krabbameinsfélagsins

Nicotinell®

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggjúmmi. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggjúmmi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggjúmmis. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggjúmmi), skaltu ihuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingabörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggjúmmi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggjúmmisins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggjúmmi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangsglyfjatyggjúmmi þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum, reykleysi. Ráðferðu þig við lækni eða lyfjafraeðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, óvirknan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggjúmmi er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt fruktósaþþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og búiðlydroxytöluen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

Réttur barna eykst: Fleiri fá frítt til tannlæknisins

HEILBRIGÐISMÁL Börn á aldrinum 12-14 ára og þriggja ára börn öðlast nú rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum. Foreldrar þessara barna þurfa eingöngu að borga 2.500 króna komugjald en Sjúkratryggingar Íslands greiða tannlækningarnar að fullu.

Áður hafði samningurinn um tannlækningar barna einungis tekið til 15, 16, og 17 ára barna en í tilkynningu frá Sjúkratryggingum Íslands segir að þar sé vandinn mestur. Börn í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður falla einnig undir samninginn jafnvel þótt þau falli ekki undir ofangreind aldersmörk. -áo

Veitingastaðurinn Hellubíó: Sögufraegt hús komið í gagnid

SAMFÉLAGSMÁL Hinn 13. ágúst var opnaður veitingastaður í Hellubíói, húsi sem hefur lengi mátt muna sinn fífil fegurri. Það fór illa í jarðskjálftanum árið 2000 og kom þá til tals að rífa það.

„Það er tilbúið, nema við erum ekki farin að nota stóra salinn enn,“ segir Hjalti Þór Grettisson, félagi í Kalos sem rekur veitingastaðinn sem heitir einfaldlega Hellubíó. -jse



HJALTI ÞÓR
GRETTISSON

Þjónusta verði færð til utangarðsfólks

Reykjavíkurborg hefur gefið út bækling um niðurstöður starfshóps þar sem mannréttindi utangarðsfólks eru skilgreind sérstaklega. Vilja skoða að færa heilbrigðisþjónustu til útgangsmanna í stað þess að þeir leiti til stofnana.

MANNRÉTTINDI „Menn eru að fara þessa leið vegna þess að ákveðnir hópar standa höllum fæti og eiga kannski ekki öfluga talsmenn,“ segir Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar um stöðu utangarðsfólks í borginni.

Talið er að um 179 einstaklingar séu heimilislausir eða utangarðs í borginni, en Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur gefið út upplýsingarit um mannréttindi þessa hóps. Höfundar segjast ekki vita til þess að aðrar borgir hafi lagt út í slíka vinnu.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar samþykkti árið 2011 að stofna starfshóp með það verkefni að skilgreina mannréttindi utangarðsfólks og fíkla í Reykjavíkurborg.

Í stefnunni sem tíunduð er í fyrrgreindu riti er sérstaklega árétt að að sumt utangarðsfólk geti ekki sökum vanda síns eða félagslegrar stöðu sótt sér þjónustu borgarinnar eftir hefðbundnum leiðum. Því skuli leitast við að fara með þjónustuna til þess.

„Það er hægt að gera með ýmsum hætti, til að mynda að færa læknaþjónustu til þeirra,“ útskýrir Anna, sem var sjálf í starfshópnum.

Þorleifur Gunnlaugsson, vara-borgarfulltrúi Vinstri grænna,



NÆTURSTAÐUR Sumir útgangsmenn þurfa að sofa úti eins og þessi dýna sýnir sem ljósmyndari tók mynd af á Klambratúni fyrir nokkru.

sem átti einnig sæti í hópnum, segist vonast til þess að vinna hópsins skili sér í auknum réttindum utangarðsfólks.

„Stefnan er þarna og hún er þá innlegg í málið og er afstaða borgaryfirvalda í þessu máli. Réttur fólksins ætti því að vera skýr, til dæmis réttur þess til að hafa þak yfir höfuðið,“ segir Þorleifur.

Að sögn Þorleifs er stærsta breytingin þó sú að þriðji aðili taki út þjónustu borgarinnar gagnvart útgangsmönnum.

„Þá erum við að tala um úttektir og almennt eftirlit, enda gengur það ekki að velferðarsvið taki út eigin þjónustu,“ segir hann.

Hvorki Þorleifur né Anna segj-



„Ákveðnir hópar standa höllum fæti og eiga kannski ekki öfluga talsmenn.“

Anna Kristinsdóttir

mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

ast vita til þess að aðrar borgir hafi lagt í sambærilega vinnu þar sem réttindi utangarðsmanna eru skilgreind sérstaklega. Í samtali við Önnu kom fram að einnig væri unnið að því að skilgreina réttindi aldraðra en niðurstaða um það ætti að liggja fyrir nú í haust. valurg@365.is

Fluttur heim af sjúkrahúsi: Mandela er kominn heim

SUDUR AFRÍKA, AP Eftir rúmlega þriggja mánaða dvöl á sjúkrahúsi í Pretoríu vegna lungnasýkingar, hefur fyrrverandi forseti Suður-Afríku, Nelson Mandela nú fengið að fara til síns heima í Jóhannesborg.



NELSON
MANDELA

Í yfirlýsingu frá fjölskyldu Mandela segir að hann hvíli sig nú í faðmi fjölskyldunnar. Þar mun hann njóta sömu þjónustu og hann fékk á sjúkrahúsinu. Mandela, sem er 95 ára, er engu að síður afar veikburða og hvetja stjórnvöld í Suður-Afríku almenn- ing til þess að biðja fyrir honum. -áo

Grunaður um fjárdrátt: Barþjónn sást stinga á sig fé

LÖGREGLUMÁL Fyrrverandi barþjónn og vaktstjóri á Slippbarnum á Reykjavík Marina Icelandair hótelinu hefur verið kærður til lögreglu grunaður um fjárdrátt.

Upphæðin sem um ræðir hleypur á milljónum króna en yfirmenn mannsins höfðu grunað hann um fjárdrátt í nokkurn tíma. Á eftirlitsmyndavélum staðarins sást svo til hans taka peninga úr afgreiðslukassanum og stinga inn sig.

Málið er í rannsókn hjá lögreglu- unni á höfuðborgarsvæðinu. -jse



Ómissandi með öllum mat



Nýbakað á nokkrum mínútum



ÞORGRÍMUR DANÍELSSON Presturinn segir að þessi þrjátíu tinda þraut hafi verið tekin meira með skynseminni en kröftunum.

Hefur lokið göngu til styrktar Landspítalanum: Séra Þorgrímur gekk á 30 tinda í sumar

SAMFÉLAGSMÁL Þorgrímur Daníelsson, sóknarprestur á Grenjadarstað, hefur lokið göngu sinni á þrjátíu tinda og stóðst þar með þá áskorun að ljúka því verki áður en ágústmánuður væri liðinn.

Þetta gerði hann til að vekja athygli á Landspítalasöfnun þjóðkirkjunnar.

Lokatindurinn var Bolafjall við Bolungarvík og segir Þorgrímur að það hafi verið táknrænt því Agnes Sigurðardóttir hafi einmitt verið sóknarprestur í Bolungarvík áður en hún var vígð til biskups.

„Ég naut góðs félagsskapar á öllum ferðum nema í sjó skipti

sem ég fór einn,“ segir Þorgrímur. „Förunautar mínir á Kambsmýrarhnjúk voru hinir harðsnúna félagsmenn úr göngufélaginu 24 sinnum 24. Sem dæmi um harðfylgi þeirra má geta þess að nafnið er tilkomið af göngu þeirra á 24 tinda á sólarhring.“

Hann segist vera afar þakklátur með þann stuðning sem hann hefur fengið á leiðinni. „Ég segi bara eins og Stefán frá Hvítadal: Ég á öllum gott að gjalda, gleði mín er djúp og rík.“

Þegar blaðamaður spyr hvernig söfnunin gangi kemur Þorgrímur af fjöllum, enda Mammon ekki hans drottinn. -jse

**SÍÐUSTU
DAGAR!**

**BIG
SALE!**

DEVINE PLUSH/FIRM
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERÐ 282.083 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ
141.041 kr.**
= 50% AFSLÁTTUR!

50%

AFSLÁTTUR

RISA

ÚTSALA

30-70%

AFSLÁTTUR!

STOCKHOLM
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 163.600 kr.

**ÚTSÖLUVERÐ
98.160 kr.**
= 40% AFSLÁTTUR!

40%

AFSLÁTTUR

**RÝMUM TIL FYRIR
NÝJUM VÖRUM!**

**50 til 70% AFSLÁTTUR
AF SÝNINGAR-
OG SKIPTIRÚMUM**

**ÓTRÚLEGT
TILBOÐ!**

SOFIA
King Size (193x203 cm)
FULLT VERÐ 298.580 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ
149.290 kr.**
= 50% AFSLÁTTUR!

50%

AFSLÁTTUR

rekkjan

H E I L S U R Ú M

Sykurminnsta morgunkornið

Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.

4,4 g sykur í 100 g

ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringarrikan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.



Færri sjö ára geta lesið sér til gagns

Aðeins 63 prósent sjö ára barna í Reykjavík lesa sér til gagns samkvæmt lesskimun sem gerð var síðasta vor. Mikill munur getur verið á milli skóla í höfuðborginni.

MENNTUN Síðastliðið vor gátu 67 prósent sjö ára stúlkna í grunnskólum Reykjavíkur lesið sér til gagns en einungis 59 prósent drengja.

Tveir af hverjum fimm sjö ára drengjum í grunnskólum höfuðborgarinnar voru ófærir um að lesa sér til gagns þótt þeir kynnu að vera læsir eða geta stautað sig frá orði til orðs.

Samkvæmt niðurstöðum les-

skimunarinnar getur mikill munur verið á milli skóla. Í þeim þremur skólum þar sem staðan er verst geta frá 20 og upp í 25 prósent nemenda lesið sér til gagns. Í skólanum þar sem börnin stóðu sig best gátu 94 prósent lesið sér til gagns. Nöfn skólanna eru ekki birt.

Heildarniðurstaða lesskimunarinnar meðal nemenda í öðrum bekk grunnskólanna síðastliðið

vor er sú að 63 prósent geta lesið sér til gagns og er niðurstaðan sú lakasta frá árinu 2005. Þá gátu 60 prósent lesið sér til gagns en skimun var gerð að afloknu kennaraverkfalli. Þróunin hafði verið heldur upp á við og í fyrra gátu 69 prósent lesið sér til gagns.

Skólastjórum hefur verið falið að kynna niðurstöður lesskimunarinnar bæði fyrir nemendum og foreldrum.

Á AÐ BIRTA ÚTKOMU EINSTAKRA SKÓLA?

FORELDRAR FÁI UPPLÝSINGAR

ÞJÓNAR ENGUM TILGANGI



Flókið fyrir foreldra
Upplýsingar uppi á borðum
Vont fyrir kerfið

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins,

vill að birtar verði upplýsingar um hvernig einstakir skólar koma út úr lesskimuninni. „Það er verulega flókið fyrir foreldra að finna út úr öllum þeim mælingum sem eru gerðar á einum stað. Ég er ekki hrædd við að þessar upplýsingar séu uppi á borðum. Fólk er gagnrýnið og það eru alltaf einhver rök í máli þegar um einhvern mismun er að ræða.“ Þorbjörg segir erfitt að mega ekki ræða hlutina. „Það er erfitt fyrir okkur að skoða þetta í trúnaði í borgarstjórn og mega ekkert segja hvað þarf að gera. Það er vont fyrir kerfið í heild sinni.“ Hún kveðst sammála Oddnýju Sturludóttur um að ekki sé nauðsynlegt að birta niðurstöðurnar frá ári til árs vegna mikilla ágangssveiflna.



Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs,

segir frammistöðu einstakra skóla aldrei hafa verið birta, óháð því hver hefur verið við völd. „Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að birta lista yfir útkomu skóla í einstaka mælingum. Skólar eiga ekki að vera í samkeppni við aðra heldur sjálfa sig. Þeir eiga að keppa að því marki að bæta sig.“ Oddný segir Reykjavíkurborg hafa verið ófeimna við að varpa ljósi á allt skólastarf. „Við höfum alltaf viljað nálgast þessar skimanir sem umbótatæki. Þær eru verkfæri kennara til að sjá hvar börnin standa í námi og þær eru nýttar sem slík umbótatæki.“ Hún tekur það fram að hún hafi alltaf verið fylgjandi því að skólar og foreldrar fái allar upplýsingar um frammistöðu nemenda skólans milli ára.

Ekki í samkeppni við aðra
Ófeimin við að varpa ljósi á skólastarf
Skimanir sem umbótatæki

Dansaðu þig í form!



Fjölbreyttir tímar þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- Hefst 10. september
- Þri. og fim. kl. 16:30
- Þjálfari: Hjördís Zebitz
- Verð kr. 13.900.-



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is



Gæðafliðar á sanngjörnu verði



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7, Rvk - Reykjanesbæ - Akureyri - Vestmannaeyjum



SLEÐI FYRIR SALÍBUNUR Þrír áhugasamir fjárfestar hafa komið að tali við fyrirtækið Zalibunu um að koma upp rennileið niður Kambana.

Þrír vilja koma að rennileið niður Kambana:

Ölfusingar heitir fyrir salíbunuferðunum

FRUMKVÖDLASTARF Góður gangur er á umleitunum fyrirtækisins Zalibuna til að fá fjárfesta til liðs við sig til að koma upp rennileið niður Kambana.

Að sögn Skúla Sigurðssonar, fjármálastjóra Zalibunu, hefjast viðræður við þrjá hugsanlega fjárfesta í þessari viku.

„Og svo förum við til Austurríkis þann 23. september að ræða við Brandauer sem er umboðsaðili brautarinnar til að funda með honum og fara yfir stöðu mála,“ segir hann. „Þetta ætti því allt að skýrast á næstu mánuðum,“ bætir hann við. Vonir standa til þess að hægt verði að fara í salí-

bunur niður Kambana vorið 2015. Fyrirtækið kynnti hugmyndirnar fyrir skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss og eins er búið að ræða við Orkuveituna og Vegagerðina um hugmyndina. Skúli segir að mikill áhugi sé meðal Ölfusmanna um málið.

Nái áformin fram að ganga verður lögð stæðileg rá niður Kambana en á henni geta sleðar runnið niður hlíðina. Sá sem situr í sleðanum ræður hraða ferðarinnar en hann hefur milli fóta sér stöng sem virkar eins og bremsa. Ef menn snerta ekki við hemlum þessum má ná 40 kílómetra hraða á klukkustund.

AAA EINKUNN

1600 SNÚNINGA

6 KG

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 109.900
SPARAÐU 35.000

exquisit

WM-7214 Þvottavél
Flott 7 kílóa þvottavél með A++ orkunýtni.

- ✓ 1400 snúninga með hraðþvotti.
- ✓ Sneritakkar, LED skjár og valrofi.
- ✓ Framstillt gangsetning möguleg.
- ✓ 15 þvottakerfi þ.á.m. hanþvottur og ull.
- ✓ A++/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhræða.
- ✓ Áfangagæytivinda og Fuzzylogic þvottatækni.
- ✓ Fullt verð kr. 89.900.

AEG

L-60660FL Þvottavél
Afar vönduð heimilissvél frá AEG, hlaðin þægindum og tækni morgundagsins.

- ✓ 1600 snúninga stillanlegur vinduhræði.
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
- ✓ 0-19 kist framstillt ræsing.
- ✓ TimeSave - sparaðu allt að 50% tíma.
- ✓ Mishleðsluskynjun og AquaControl vatnslekavörn.
- ✓ Hljóðlát, aðeins 59 dB(A) í þvotti.
- ✓ Mörg sérkerfi s.s. Ull Plus kerfi og handþvottur.
- ✓ A++/A/A orkunýtni, þvottagæði og vinda.
- ✓ Fullt verð kr. 144.900.

AAB EINKUNN

1400 SNÚNINGA

XL 7 KG

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 74.900
SPARAÐU 15.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 79.900
SPARAÐU 20.000

6 KG

BARKA-LAUS

RAKA-SKYNJARI

ZANUSSI Zanussi er dótturmerki Electrolux

ZTE-130 Þurrkari
Barkalaus þéttþurrkari með rakaskynjara

- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara
- ✓ 4 mismunandi þurrkerfi
- ✓ Stór luga 43x33 cm
- ✓ Tromla snýst til beggja átta
- ✓ Niðurkæling á þvotti
- ✓ Krumpuvörn
- ✓ 140° hægrí opnun
- ✓ Orkuflokkur C.
- ✓ Fullt verð kr. 99.900.

Electrolux

ZB-2901 Ergorapido ryksuga
Með þessu þarfapingi sameinarðu tvær ryksugar í einni. Físlétt og meðfærileg, er þessi ryksuga sérlega hentug til að taka snögga yfirferð yfir heimilið. ZB-2901 var valin besta skaftryksugan af dönsku neytendasamtökunum T/ENK.

- ✓ Þráðlaus og hleðslustandi.
- ✓ Enginn poki.
- ✓ Nýtt! Ljós að framanverðu.
- ✓ Mjög hljóðlát - góður sogkraftur.
- ✓ Munnstykki sveigjanlegt 180° með rafdrifnum bursta sem snýst og sópar.
- ✓ Hentar á öll gólf.
- ✓ Aðeins 2,52 kg með handryksugu.
- ✓ Hreinn útblástur.
- ✓ Fullt verð kr. 24.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 19.990
SPARAÐU 5.000

175 CM HÁR

345L

A+ ORKA

STÁL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 119.900
SPARAÐU 30.000

HVÍTUR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 40.000

exquisit

KS-420 Kælisrápur
Með stafrænni hitastýringu, aðvörunarkerfi og skjá sem sýnir hitastig. Vönduð innrétting.

- ✓ HxBxD: 175 x 59,5 x 62 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 139.900 / 149.900

Electrolux

ERB-40233X Kæli- og frystiskápur
Burstuð stál framhlíð með fingrafaravörn.

- ✓ 3 MaxiSpace frystiskúffur með nægu rými.
- ✓ Fresh Zone kælisúffna með 2-3°C kjörhita fyrir kjöt, fisk og álegg.
- ✓ HxBxD: 200 x 59,5 x 63,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 169.990.

200 CM HÁR

285L

90L

FRESH-ZONE

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 139.900
SPARAÐU 30.000

VERÐ PRESSAN

SAMSUNG

SC-5610 Ryksuga
Vönduð heimilissyksuga með 9,5 metra vinnuradius.

- ✓ Óragnasía og 3,5 lítra poki.
- ✓ Stálskaft.
- ✓ Lárétt / lóórétt geymslustaða.
- ✓ Evrópsk framleiðsla.
- ✓ Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 9.995
50% AFSLÁTTUR

XL 67 L

BLÁSTUR

SNERTI-TAKKAR

STÆKKANLEG HELLA

2 TÆKI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 49.900

Constructa

Ofn CF-430250S
6 eldunarkerfi þ.á.m. blástur, undir- og yfirhit ásamt grilli.

- ✓ XL 67 lítra ofn.
- ✓ Orkuflokkur A.
- ✓ Fullt verð kr. 79.900.

Helluborð CA-323350
Með sneritökkum og 2 stækkanlegum hellum.

- ✓ Fullt verð kr. 69.900.

1/2 VIRÐI!

KYNNINGARVERÐ KR. 19.995
50% AFSLÁTTUR

Electrolux

EEA-250 Espresso kaffivél
Hér er þitt eigið kaffihús. Tófráðu fram Latte macchiato, cappuchino eða rjúkandi heitan espresso með þessari glæsilegu kaffivél.

- ✓ Lagar 1-2 bolla í einu.
- ✓ 15 bór - tryggir bestu bragðgæði og hitastig.
- ✓ Mjólurfréðari - flóar og þeytir mjólkina.
- ✓ Fullt verð kr. 39.990.

TRISTAR

VS-3908 Gufusúðupottur
Settu heilsuna í fyrsta sætið og laðuðu fram holla og bragðgóða rétti með þessum gufusúðupotti.

- ✓ Ílát passa ofan í hvert annað - tekur lítið pláss.
- ✓ Vítamín og næringarefni tapast síður við gufusúðu og bragðgæðin eru meiri.
- ✓ Timer/skjár
- ✓ Bakki fyrir grjón fylgir.
- ✓ Fullt verð kr. 11.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 7.990
34% AFSLÁTTUR

Electrolux

EMM-21000W Orbylgjuofn
Fallegur 800W 21 lítra orbylgjuofn með 6 orbylgjustillingum og 0-35 mín klukku

- ✓ 800W með 6 orbylgjustillingar
- ✓ Affrýsting
- ✓ Snúningsdiskur 27 cm í þvermál
- ✓ Utanmál HxBxD: 29 x 48 x 42 cm
- ✓ Fullt verð kr. 24.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 19.990
SPARAÐU 5.000

Rafha ehf

Opið virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Sporin hræða en eitthvað verður að gera:

Viðrar vel til loftárása

Fréttir frá Sýrlandi valda okkur öllum áhyggjum. Fréttamiðlar vara við skelfilegum myndum og þó fylgir sögunni að ekki séu verstu myndirnar sýndar. Svo skelfilegar eru þær að ekki telst verjanlegt að senda þær út í sjónvarpi. Munnlegar lýsingar vekja óhug. Það er óþarfi að rekja þær fyrir þeim sem hafa fylgst með fréttum frá Sýrlandi en meðal hinna látnu er mikill fjöldi barna.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Bandaríkjaþing mun á næstunni taka afstöðu til þess hvort forseta verði heimilt að grípa inn í gang mála á Sýrlandi. Loftárásir teljast líklegasta niðurstaðan, að fengnu samþykki þingsins – Barack Obama forseti telur ólíklegt að um landhernað verði að ræða. Sitt sýnist hverjum og við sem stöndum á hliðarlínunni og fylgjumst með öllu þessu úr fjarlægð hljótum að vera í það minnsta örlítið tortryggin þegar talað er um „öruggar“ upplýsingar frá vestrænum leyniþjónustum. Sporin hræða. Þannig minnumst við öll aðdragandans að innrásinni í Írak og hvernig logið var að þjóðum heims.

En, þetta er klemma. Um leið og gjalda verður varhug við innrás í sjálfstæð ríki er það svo að alþjóðasamfélagið getur illmögulega staðið hjá og látið efnavopnaársísir á óbreytta borgara viðgangast. Við verðum að bregðast við og það fljótt. Líf fjölda saklauss fólks er í húfi. Forsendurnar skipta miklu. Hernaðaríhlutun getur ekki byggst á friðþægingu. Viðbrögð alþjóðasamfélagsins geta ekki grundvallast á því að verið sé að friða samvisku íbúa í hinum vestræna heimi. Af því að okkur sem byggjum þennan heimshluta þykir svo erfitt að horfa á svona fréttir í sjónvarpinu. Með aðgerðum hljótum við að miða við það sem gagnast borgurum í Sýrlandi best.

Sagan kennir okkur að hernaðaríhlutun getur gert illt verra. Bæði er svæðið fyrir botni Miðjarðarhafs mjög viðkvæmt og átök gætu hæglega breiðst út um gervöll Mið-Austurlönd. Þetta er púðurtunna, eins og það er oft orðað. Saga afskipta Vesturlanda af svæðinu er ekki góð. Við höfum ýmist gengið of langt eða of skammt, kannski vegna þess að annarlegir hagsmunir hafa verið undirliggjandi. Nú er tækifæri til að setja hagsmuni fólksins á svæðinu sjálfu í fyrsta sæti og bregðast við samkvæmt því.

Hlutverk okkar Íslendinga er kannski ekki merkilegt þegar viðburðir sem þessir eru undir. Víst eigum við rödd í gegnum okkar stjórnvöld en þeirri rödd fylgir lítið vald. Það eru hinar stóru þjóðir sem ráða þessu á endanum en við getum þegar best lætur lagt okkar litla lóð á vogarskálarnar; til dæmis með því að bjóða fram krafta okkar við sáttaumleitunir. Þegar verst lætur erum við nýtsamir sakleysingjar eins og raunin varð þegar við vorum ein af hinum viljugu þjóðum sem studdu innrás inn í Írak.

Þegar við förum á lista yfir hinar viljugu þjóðir var það Íslandi til háðungar. Því miður er rökstuddur grunur fyrir því að afstöðu okkar í þeim efnum hafi ráðið boruleg og skammarleg sjónarmið sem byggðu á skammtíma sérhagsmunum. Herinn er farinn og fór þrátt fyrir þennan stuðning okkar við innrás sem byggdist á fólkskum forsendum. Við megum samt ekki hræðast að taka afstöðu. Við eigum miklu frekar að gera þá kröfu að afstaða Íslands grundvallist fyrst og síðast á heilbrigðum sjónarmiðum en ekki á sérhagsmunum eða ótta við stórveldin.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvað segja nemendur?

Margir hafa tjáð sig um málefni Jóns Baldvins Hannibalssonar og Háskóla Íslands eftir hina umdeildu ákvörðun menntastofnunarinnar um að draga til baka beiðni um að hann kenndi á námskeiði um smáþjóðir í alþjóðakerfinu. En í öllu offramboðinu á skoðanatorginu vantar þó kannski eitt en það er skoðun nemenda sjálfra. Eða telja karlar og konur þetta ekkert hafa með þau að gera?

Hvaða dómstóll á að ráða?

Reyndar hafa nemendur sem Jón Baldvin kenndi síðast í HÍ tjáð sig. Það var haust-misserið árið 2009 þegar hann var stofnunininni þóknarlegur

enda dómstóll götunnar ekki búinn að álykta í máli hans. Það er regla í HÍ, eins og öðrum háskólum, að nemendur tjái sig um frammistöðu kennara að önn lokinni. Skemmt er frá því að segja að Jón Baldvin fékk hæstu einkunn kennara við deildina þá skólaönn. Einu aðfinnslurnar voru að hann hafði ekki fastan viðtalstíma.

Horfið gagn og gaman

Meðal umsagna voru þessi: „1. Þetta hefur verið sá allra skemmtilegasti og innihaldsríkasti kúrs sem ég hef tekið. 2. Að fá frá krataforingjanum sjálfum, lýsingar á mönnum og málefnum,



ásamt skoðunum hans og visku er eitthvað sem ég á eftir að búa að alla ævi. 3. Ég fór í þennan kúrs með miklar væntingar en þessi kúrs og þá sérstaklega Jón Baldvin sjálfur, náði að toppa allt sem ég hafði gert mér vonir um.“ Kristín Ingólfssdóttir rektor hafði sagt í bréfi til forseta félagsvísinda-deildar að nærvera Jón Baldvins gæti skaðað hagsmuni nemenda.

Það verður varla mikið um gagn og gaman í HÍ ef svona hagsmunagæsla heldur áfram.

jse@frettabladid.is

HALLDÓR



Ekki missa vonina

STJÓRN MÁL



Dagur B. Eggertsson
formaður borgar-ráðs

Við erum aftur orðin svartsýn samkvæmt könnunum. Hættum því. Ég skil hrollinn í einhverjum eftir loforðaflaum vorsins. En munum lærdóminn af hruninu: sígandi lukka er best.

Þannig vinnur Reykjavík. Árið 2010 sögðum við að það tæki um fimm ár að ná sömu tekjum og við höfðum 2008. Þetta er að ganga eftir. Það hefur tekið á að koma sér fyrir í þrengri stakki en það hefur tekist með samstilltu átaki.

Sumt gengur vonum fram. Börnum á skólaaldri líður betur. Þau ná meiri árangri þrátt fyrir niðurskurð og sparnað (hver hefði trúað því?). Jöfnuður eykst og glæpum fækkar. Við hreyfum okkur meira, hjólum og göngum sem aldrei fyrr.

Atvinnuleysið er óvinur nr. 1. En góðu fréttirnar eru að atvinna hefur aukist meira og hraðar í Reykjavík en að meðaltali á Íslandi. Ferðaþjónustan blómstrar. Skapandi greinar og kvikmyndagerð veita fleiri og meira spennandi tækifæri en nokkru sinni. Stórtíðinda er að vænta af fjárfestingu í þekkingariðnaði í hjarta borgarinnar.

Til að tryggja fulla atvinnu og öruggari hagvöxt þarf einmitt fjárfestingar. Ég hef því fundað með byggingaráðilum og lóðahöfum um alla borg til að heyra þeirra hugmyndir og leggja á ráðin um

spennandi verkefni. Eftir þessa fundi er ég bjartsýnn.

Reykjavík vantar íbúðir. Þær eru víða komnar í byggingu: kringum Hlemm, í Mánatúni, á Lýsisreit og í Vatnsmýri. Hafnarsvæðið, Úlfarsárdalurinn og Hlíðarendasvæðið fylgja fast á eftir. Við viljum fleiri litlar og meðalstórar íbúðir miðsvæðis, ekki síst fyrir erfiðan leigumarkaðinn.

Við viljum líka byggja í holunni við Hörpu. Við viljum byggja við höfnina, við Laugavegin og í Vísindagörðunum. Við viljum þó líka greiða leið fyrir nýja tónleikastaði og annað sem tryggir skemmtilega borg.

Ég vil vera bjartsýnn á að nýja ríkisstjórnin eyði óvissu um verkefni fjárfestingaráætlunar fyrir ríkisstjórnar. Þar þarf bara að finna græna takkann. Grunnurinn að Húsi íslenskra fræða má ekki verða Gröf íslenskra fræða (á þjóðmenningarvaktinni). Fangelsið og Landspítalinn eru löngu tímabær framfarumál og Náttúruvinnuáskilnaði í Perlunni getur orðið ómóttstæðilegur viðkomustaður, lyftistöng fyrir raunvísindakennslu sem stendur undir sér með aðgangseyri ferðamanna.

Reykjavík er á uppleið og getur gert enn betur ef við róum samtaka í sömu átt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Byrjum 9. september KOMDU!

Yoga & Pilates

★ Morgunyoga ★ Hádegisyoga
★ Síðdegisyoga ★ Herrayoga
I HÁDEGINU

★ Pilates f. byrjendur og framhald
Úrvals kennarar!

www.kramhusid.is
Skráning – sími 551 5103

FRUMKVÖÐULL Í 30 ÁR

KRAM HÚSIÐ

Eða þannig

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



„Við Bjarni [Benediktsson] erum algjörlega að tala í takt varðandi þetta mál“, var haft eftir utanríkisráðherra, Gunnari Braga Sveinssyni, í vikunni í Morgunblaðinu: þeir tala í takt – svona eins og rapparar gera. Það er meira en sagt verður um forseta Alþingis, forsætisnefnd Alþingis og utanríkisráðherra því að í vikunni fékk ráðherra ofangjöf frá forráðamönnum Alþingis fyrir þá hugmynd sína að hægt væri að slíta viðræðum við ESB án atbeina Alþingis.

Hætt en ekki slitið

Í Moggaviðtalinu leitaðist Gunnar Bragi við að skýra stefnu ríkisstjórnarinnar í Evrópu-málefnum í kjölfar þess að tilkynnt hefur verið að viðræðunefnd Íslendinga verði leyst upp, viðræðum við ESB hætt og ekki teknað upp aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu sem ekki stendur til að halda – en heldur ekki slitið nema að undangenginni þingsályktun sem ekki stendur til að leggja fram. Eða þannig. Gunnar Bragi mótmælti því hins vegar sköruglega að viðræðum hefði verið slitið. Þeim hefur bara verið hætt. Á þessu er reginmunur eins og allir hljóta að sjá. Ráðherra er bæði sár og reiður yfir því sem hann kallaði „útúrslúning“ og „misskilning“ þeirra sem hafa lesið úr orðum hans og aðgerðum að þessum viðræðum hafi verið slitið.

Eða þannig. Og sökum þess að Íslendingar eiga enn – formlega – í aðildarviðræðum við Evrópusambandið lítur ríkisstjórnin svo á að þjóðin eigi að njóta svo nefndra IPA-styrkja sem Evrópusambandið veitir þeim þjóðum sem eiga í viðræðum við það til þess að þær eigi hægara með að taka upp ýmislegt úr regluverki sambandsins sem kostnaður kann að fylgja, svo sem eins og strangar og fjárfrekar mengunarvarnir (til dæmis skolp-hreinsun) og eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja, en mörgum hér finnst hvort tveggja óþolandi hnýsni og afskiptasemi í garð frjálsborinna einstaklinga sem verði bara hraustir af því að fá svolítið skolp í vatnið sitt og verði að fá að spreya sig svolítið á því að féfletta samborgana í heilbrigðri samkeppni.

(Stundum finnst manni raunar að íslenska þjóðin skiptist í þrennt: þau sem seldu á réttum tíma í Decode og þau sem keyptu á röngum tíma í Decode. Og svo við hin, sem aldrei föttum neitt.)

Stendur aðlögunarferlið enn?

En við erum sem sé í þessum félagsskap sem kallast EES, Evrópska efnahagssvæðið. Með því móti fáum við lífsnauðsynlegan aðgang að evrópskum mörkuðum

en þurfum á móti að innleiða hér eitt og annað úr evrópsku regluverki, sem gengið hefur upp og ofan að uppfylla – en erum á ýmsum undanþágum þar, vegna þess að „hér varð hrún“ og við höfum átt í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Nú erum við ekki lengur í því ferli og erum þó ekki hætt – eða þannig. Meðal þess sem fer í bága við regluverk EES eru sjálf gjaldeyrishöftin – en þegar búið verður að afnema verðtrygginguna verða þau höft og verðbólgan helstu stoðirnar undir því að innleiða hér nýjan Framsóknaráratug í anda þess sem hér ríkti milli 1970 og 1980 og við þessi eldri munum. Það verður fjör.

Alþingi berast á ári hverju ótal lög og reglugerðir frá Evrópusambandinu sem verða til þar innan dyra án okkar atbeina enda viljum við bara taka við

lögum og bölvum þeim, en ekki standa í því veseni sem fylgir því að semja þau. Þetta eru til dæmis lög og reglugerðir varðandi mengunarvarnir og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana. En nú nýtur engra IPA-styrkja frá hinum sameiginlegu sjóðum þjóðanna í Evrópu við að standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

Ein helsta röksemdin sem neisinnar notuðu gegn því að ljúka aðildarviðræðum, og taka þá afstöðu til aðildar á grundvelli staðreynda frekar en tröllasagna, var sú að þetta væru í raun réttir ekki aðildarviðræður heldur „aðlögunarferli“. Sú ríka áhersla sem neisinnar hafa lagt á þetta orð, „aðlögunarferli“, hefur meðal annars leitt af sér þann skringilega málalíbúnað Páls Vilhjálmssonar foringja þeirra, að segja öllum finnanleg-

um orðbókum stríð á hendur. En sem sé, nú hafa hann og skoðanasystkini hans haft sitt fram. Þau unnu. Við segjum nei við ESB og já við Framsóknaráratugnum. En nú kemur samt sem áður upp þessi spurning:

Nú þegar „aðildarviðræðum“ hefur verið – uhh – hætt, getur hugsast að „aðlögunarferlið“ standi samt enn? Án IPA-styrkja? Neisinnar sögðu öll þau lög og reglugerðir sem okkur er gert að taka upp vegna aðildar okkar að EES vera til marks um að aðildarviðræðurnar að ESB væru í raun aðlögunarferli að sambandinu. Og nú þegar aðildarviðræðum hefur verið – uhh – hætt – ættu þá viðkomandi lög og reglur ekki þá jafnframt að hætta að berast? Eða var bara skrúfað fyrir peningana? Þessi ríkisstjórn sem meira hefur gert af því að afþakka tekjur en nokk-

Ein helsta röksemdin sem neisinnar notuðu gegn því að ljúka aðildarviðræðum, og taka þá afstöðu til aðildar á grundvelli staðreynda frekar en tröllasagna, var sú að þetta væru í raun réttir ekki aðildarviðræður heldur „aðlögunarferli“.

ur önnur ríkisstjórn á byggðu bóli – getur hugsast að hún hafi haldið svo á málum, að við fáum lögin og reglugerðirnar frá ESB en ekki féð sem á að fylgja til að létta okkur kostnaðinn við að innleiða þau?

Í aðlögunarferlinu að engu.

Opnir fundir með forystufólki Samfylkingarinnar um land allt

Hvernig nýtum við tækifærin og bætum kjörin?

Fyrstu fundir verða:

3. september í Edduveröld í Borgarnesi kl. 20.00

5. september á veitingastaðnum Plássinu í Stykkishólmi kl. 20.00

6. september í Sjóráningjahúsinu á Patreksfirði kl. 18.00.

Næstu fundir:

19. september á Akranesi

24. september í Árborg

25. september á Höfn

10. október á Sauðárkróki

12. október í Fjallabyggð

15. október á Blönduósi

16. október á Hólmavík

17. október á Ísafirði

21. október á Akureyri

24. október í Reykjanesbæ

29. október á Hellu

31. október á Húsavík

5. nóvember á Egilsstöðum

6. nóvember á Fáskrúðsfirði

8. nóvember á Vopnafirði

21. nóvember á höfuðborgarsvæðinu

Nánari upplýsingar um stað og stund má nálgast á xs.is



FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar

Samfylkingin

MERKISATBURÐIR

1625 Katla tekur að gjósa með miklum eldgangi og verður mikið vatnsflóð og ísrek fram Mýrdalssand. Einnig varð mikið öskufall. Gosið rénaði 14. september.



1845 Heklugos hefst og stendur til næsta vors. Voru 77 ár frá gosinu á undan en 102 ár liðu til næsta goss á eftir.

1876 Kveikt er á fyrsta götljósakerinu í Reykjavík. Þetta var steinólulukt á háum stólpa neðst í Bakarabrekku (nú Bankastræti).

1967 Brúin yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi er vígð og var önnur lengsta hengibrú landsins eða 110 metra löng.



LEIKSKÁLD Hrafnhildur Hagalín er höfundur verksins Opið hús. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Útvarpsleikrit öðlast nýtt líf

Opið hús og Harmsaga sett upp á nýjum vettvangi.

Tvö af þeim leikritum sem frumflutt voru í Útvarpsleikhúsinu síðasta vetur munu öðlast nýtt líf á næstunni.

Annars vegar er um að ræða Opið hús eftir Hrafnhildi Hagalín sem Útvarpsleikhúsið frumflutti síðasta vetur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Uppfærsla Útvarpsleikhússins hlaut bæði Grímuna í ár og Norrænu útvarpsleikhússverðlaunin sem besta leikna útvarps-

verk ársins. Nú hefur útvarpsleikhús norska Ríkisútvarpsins, NRK, tryggt sér réttinn á leikritinu og undirbýr eigin upp-töku á því.

Hins vegar er það leikritið Harmsaga eftir Mikael Torfason sem Útvarpsleikhúsið frumflutti einnig síðasta vetur. Þjóðleikhúsið mun flytja það í leiksviðsgerð höfundar og verður það frumflutt 20. september næstkomandi í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

PETTA GERÐIST: 2. SEPTEMBER 1666

Lundúnabruninn mikli hefst

Lundúnabruninn mikli hófst þennan dag árið 1666 en eldsupptök voru í bakaríi Thomas Farriner á Pudding Lane. Bruninn, sem stóð yfir í þrjá daga, eða til 5. september, er einn sá mesti sem orðið hefur á Englandi. Hann breiddist hratt út um alla miðborgina, náði yfir í fátækrahverfi borgarinnar og ógnaði um tíma Westminster. Í brunanum eyðilögðust 13.200 hús,

87 kirkjur, þar á meðal dómkirkja Páls postula, og flestar opinberar byggingar. Bruninn eyðilagði heimili sjötíu þúsund Lundúnabúa, en í miðborginni bjuggu um áttatíu þúsund manns. Ekki er talið að margir hafi látið lífið en þó voru manntöl yfir millistéttina og fátæka ónákvæm og því getur verið að fleiri hafi látist en tölur gefa til kynna.



AFMÆLISBARNIÐ Kveðst eiga einfaldan feril að baki en það þýði þó ekki að hann hafi alltaf verið sléttur og felldur, þótt ættaður sé úr Sléttuhreppi! MYND/MELKORKA RÁN

Stefnir eindregið að ánægjulegu afmæli

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður er sextugur og byrjar daginn í sundlauginni á Selfossi klukkan hálf sjö. Síðan tekur við góð morgunstund með vinnufélögnum.

„Ég get víst ekki neitað því að þetta er að gerast en það er betra en hinn kosturinn,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður um hækkanndi aldur sinn en kappinn er sextugur í dag. Hann kveðst hafa hitt nánustu ættingja og vini á laugardaginn í tilefni þessara tímamóta og í dag ætlar hann að eiga góða morgunstund með vinnufélögnum á sýsluskrifstofunni á Selfossi. „Reyndar vill svo til að ég ætla að gifta líka í dag,“ upplýsir hann og efast ekki um að sú stund verði hátíðleg. „Daginn byrja ég samt í sundlauginni að venju, klukkan hálf sjö, um leið og hún er opnuð. Ég er oftast fyrsti gestur þar á morgnana,“ bætir hann við.

Ólafur Helgi er á ferðinni í bíl í rýsju-óttu veðri á meðan þetta spjall fer fram, vonandi með handfrjálstan búnað, og sambandið er svolítið slitrótt. Samt er hann krafinn um einhvern fróðleik um eigin ævi til þessa. „Ég byrjaði á því,

eins og aðrir, að fara í barnaskóla og endaði námsferilinn á því að verða lögfræðingur fyrir, hvað? 35 árum. Síðan hef ég unnið hjá íslenska ríkinu,“ upplýsir hann.

En hvaðan er maðurinn? „Ég er fæddur í Reykjavík og alinn upp í Árnessýslunni en er hreindræktur Vestfirðingur.“

Það rifjast einmitt upp fyrir blaðamanni að Ólafur Helgi tók þátt í spurningakeppni átthagafélaganna síðasta vetur fyrir Sléttuhrepp, við norðanvert Ísafjarðardjúp. Hann kannast við það. „Það vill svo sérkennilega til að ég hef, frá því ég lauk námi, bara unnið í þeim tveimur héruðum sem tengjast uppruna mínum mest. Hér á Selfossi byrjaði ég sem fulltrúi sýslumanns, fór svo vestur á Ísafjörð 1984 til að gerast þar skattstjóri. Það dugði í rúm sjö ár, þá varð ég sýslumaður á sama stað. Var það rúm tíu ár og kom svo hingað í sama

embætti og hef verið hér í tólf ár. Þetta er einfaldur ferill en það þýðir ekki að hann hafi alltaf verið sléttur og felldur, þó ég sé ættaður úr Sléttuhreppi,“ segir hann en kveðst þó ekki muna neinar svæsnar sögur að segja.

Hápunktana í lífinu telur Ólafur Helgi hafa verið að giftast og eignast börnin fjögur, Krístrúnu Helgu, Melkorku Rán, Kolfinnu Bjarney og Kjartan Thor. „Það er náttúrulega skemmtisaga út af fyrir sig að þau tvö síðasttöldu eru tvíburar en eiga ekki sama afmælisdaginn, því þau lentu hvort sínum megin við miðnættið. Það olli einhvern tíma þeim mis-skilningi úti í bæ á Akureyri að ég hefði eignast börnin hvort með sinni konu,“ segir hann hlæjandi.

Þegar honum er þakkað fyrir spjallið og óskað ánægjulegs afmælisdags svarar hann hress:

„Þakka þér fyrir. Ég stefni eindregið að því.“ gun@frettabladid.is

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSTA NÍNA SIGURÐARDÓTTIR
leiðsögumaður,

lést þann 30. ágúst á líknardeild LSH. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð líknardeildar LSH í Kópavogi. Útför verður auglýst síðar.

Börkur Helgi Sigurðsson

Ellert Helgi Sigurðsson
Hlynur Helgi Sigurðsson
Auður Herdís Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingólfur Torfason
Díana Ármannsdóttir
Sari Maarit Cedergren

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

FREYJA ÁRNADÓTTIR
frá Siglufirði,

lést á Landspítalanum þann 21. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ottó Jörgensen
Árni Jörgensen
Halldóra Ó. Jörgensen
Guðbjörg Jörgensen
Gunnar Jörgensen

Björk Guðjónsdóttir
Margrét Þóra Þorlákssdóttir
Sigurður Örn Baldvínsson
Eyjólfur Óskarsson
Antoinette Jörgensen

Aukasýning á Russell Brand

Uppselt er á fyrri sýningu enska grínistans í Hörpu í desember.

Ákveðið hefur verið að bæta við aukasýningu á uppistandssýningu enska grínistans og fjölmiðla-stjörnunnar Russells Brand vegna mikillar aðsóknar, en uppselt er orðið á fyrri sýninguna þann 9. desember í Hörpu.

Sýning Brands ber heitið Messiah Complex og lýkur hann hálfis árs löngu ferðalagi sínu með sýninguna á Íslandi.

Í sýningunni tekst Brand á við trúarbrögð og hetjur mannkynsögunnar, en hann

mun einblína, með grínið að vopni, á byltingaleiðtogaðann Che Guevara, mannréttindafrömuðina Gandhi og Malcolm X og svo Jesú Krist sjálfan.

Fyrirhuguð sýning hefur vakið mikla athygli meðal annars vegna þess að Brand hyggst meðal annars troða upp í Mið-Austurlöndum, svo sem Abu Dabi og í Ísrael. Í síðara landinu hafa ýmsir hópar hvatt landa sína til að sniðganga sýninguna vegna afstöðu Brands til Palestínu.



RUSSELL BRAND Enski grínistinn lýkur hálfis árs ferðalagi sínu með tveimur sýningum á Messiah Complex í Hörpu.



MERKI HÖNNUNARMARS

Hönnunarmiðstöð kallar eftir umsóknum hönnuða eða hönnunarteyma sem hafa áhuga á að útfæra einkenni Hönnunarmars 2014. Sækja þarf um þátttöku fyrir hádegi þann 6. september.

Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna
Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskúna í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóddiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

www.enskaforiralla.is

Skráning stendur yfir í síma 8917576 og erlaara@gmail.com



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga

FRÆGAR STJÓRNUNARAÐFERÐIR

DOKKAN KYNNIR Fram undan eru fjögur námskeið í notkun grundvallarverkfæra Lean, eða straumlínustjórnunar, sem henta stórum og minni fyrirtækjum.

Lean er vestræna útgáfan af margfrægum japönskum stjórnunaraðferðum sem auðveldar fyrirtækjum að ná árangri á einfaldan hátt að sögn Mörthu Árnadóttur, framkvæmdastjóra Dokkunnar. „Flest stór framleiðslufyrirtæki hafa unnið með Lean í einhverri mynd og árangurinn laðað að minni fyrirtæki. Það áhugaverðasta er eflaust sá árangur sem þjónustufyrirtæki, opinberar stofnanir, lífeyrisjóðir og fleiri hafa náð með verkfærum Lean,“ upplýsir Martha og útskýrir nánar fyrir hvað Lean 4 stendur. „Lean 4 samanstendur af fjórum stuttum og markvissum námskeiðum í notkun grundvallarverkfæra Lean, sem Dokkan stendur fyrir í september og október.“



GOTT FRAMBOÐ Dokkan býður upp á spennandi námskeið næstu vikurnar
MYND/ÚR EINKASAFNI

LEAN 1: SÓUN 5S OG SJÓNÆN STJÓRNUN

Einn af hornsteinum Lean er djúp þekking á *sóunarflokkunum* sem kenndir eru við Lean. Á námskeiðinu er farið yfir sóunarflokkana og hvernig unnið er með þá, ásamt því hvernig töflufundir sjónrænnar stjórnunar eru notaðir.

LEAN 2: A3 Í VERKEFNASTJÓRNUN

A3 eða þristur er eitt af *öflugustu* verkfærum Lean og notað í verkefnastjórnun við greiningu og lausn margs konar viðfangsefna. Á námskeiðinu er farið yfir nokkur A3 form og gerður einn raunverulegur þristur.

LEAN 3: VIRÐISGREINING

Virðisgreining eða „value stream mapping“ er eitt besta og mest notaða verkfæri Lean. Gerð eru kort fyrir núverandi ástand, framtíðarástand og fullkomið ástand. Á námskeiðinu er farið yfir alla kortagerðina og hvað þarf að hafa sérstaklega í huga þegar unnið er með skrifstofuumhverfið.

LEAN 4: AÐ HALDA KAIZEN-VERKEFNASTOFU

Eitt af því sem einkennir menningu fyrirtækja sem náð hafa góðum tókum á Lean eru svokölluð kaizen, en kaizen er japanskt hugtak sem merkir *stöðugar umbætur*. Á námskeiðinu er kennt að leiða stór og smá kaizen-verkefni og farið yfir kaizen-formið.

„Ekkert fyrirtæki hefur efni á að vera án Lean“, segir Martha að lokum.

Kennari er Viktoría Jensdóttir, sem fullyrða má að sé einn helsti Lean-sérfræðingur á Íslandi í dag.

Skráning og nánari upplýsingar á www.dokkan.is.



GÓÐUR ÁRANGUR
„Flest stór framleiðslufyrirtæki hafa unnið með Lean í einhverri mynd og árangurinn laðað að minni fyrirtæki,“ segir Martha Árnadóttir, framkvæmdastjóri Dokkunnar.
MYND/ÚR EINKASAFNI



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is



Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Frábært tilboð

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

*3.5% lántökugjald



Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast



Ballettskóli Guðbjargar Björgvins Eiðistorgi Seltjarnarnesi

S: 562-0091 695-0399

www.gbballett.is



Vilt þú læra á listskauta?



Listskautanámskeið

Fyrir 5 – 16 ára

Fríir profutímar!

Námskeiðin hefjast laugardaginn 31. ágúst og eru ætluð bæði strákum og stelpum.

Hægt er að velja 8 vikna námskeið (31. ágúst - 23. október) eða 15 vikna námskeið (31. ágúst - 15. desember).

Æfingar fara fram í Egilshöllinni / Kennst er í litlum hópum þar sem skipt er eftir bæði getu og aldri.

Liðleiki, jafnvægi, þol, styrkur, snerpa, túlkun, samhæfing og tækni

Stundatafla

- Laugardagar: Svell kl. 12:20 – 13:00
- Miðvikudagar: Svell kl. 16:20 – 17:00 / Þrek kl. 17:20 – 18:00

Nánari upplýsingar varðandi námskeiðin veita:

- Berglind Rós Einarsdóttir, yfirþjálfari s: 899-3058
- Erlendína Kristjánsdóttir, skautastjóri s: 697-3990
- Krístrún Elva Jónsdóttir, gjaldkeri s: 849-6746

Skráning

www.bjorninn.com/Listskautar

Skráning í dag í Egilshöll (við skautasvellið á 2. hæð) laugardaginn 31. ágúst kl. 10 - 13 þar sem hægt verður að fá frekari upplýsingar varðandi námskeiðin, s.s. þjálfun, skráningu og annað sem viðkemur íþróttinni.

Einnig má senda tölvupóst á gjaldkerilist@bjorninn.com



DÖÐLU-MÖFFINS
Unnur Anna bjó til uppskrift að döðlumöffins, fylltum með karamellu. Hún gefur hér lesendum uppskriftina en hana er einnig að finna á bloggsíðu Unnar; cakesofparadise.wordpress.com. MYND/AGNES HEIÐA SKÚLA-DÓTTIR

KÖKUR Í PARADÍS

HEIMILI Unnur Anna Árnadóttir menntaskólanemi heldur úti kökublogginu cakesofparadise.wordpress.com. Hún er dugleg að gera tilraunir við baksturinn og liggur yfir kökubáttum og bökunarmyndböndum á netinu.

Ég er nánast alin upp við að baka með mömmu og hef bakað frá því ég var þínulítill,“ segir Unnur Anna Árnadóttir, nemandi við Menntaskólann á Akureyri og áhugamanneskja um bakstur. Hún heldur úti matarblogginu cakesofparadise.wordpress.com. Agnes Heiða Skúladóttir, mamma Unnar, tekur allar myndirnar á bloggsíðunni en Unnur býr í foreldrahúsum. Hún bakar oft fyrir fjölskylduna og bakaði meðal annars skírnarköku

bróðursonar síns. „Mér finnst gaman að búa til uppskriftir og blanda saman. Ég fæ ákveðna útrás fyrir að skapa og búa til mitt eigið í eldhúsinu,“ segir Unnur Anna. „Ég ligg yfir kökubáttum í sjónvarpinu og á Youtube og les kökubækur og blöð. Eftir menntaskólann langar mig í Hússtjórnarskólann og svo jafnvel út í kökuskreytingarnám.“

Við fengum Unni til að gefa lesendum uppskrift að döðlumöffins sem hún bjó til. ■ heida@365.is



HÆFILEIKARÍKUR BAKARI
Unnur Anna Árnadóttir hefur bakað frá því hún var lítill stelpa og stefnir á nám í kökuskreytingum.

Döðlumöffins með karamellufyllingu og ítölskum marengs

- 250 g döðlur
- 1½ tsk. natrón
- 180 g mjúkt smjör
- 100 g sykur
- 3 egg
- 4½ dl hveiti
- 1 tsk. vanilludropar
- 2 tsk. lyftiduft

Stillið ofninn á 180°C. Döðlurnar settar í pott. Setjið vatn út í svo það rétt fljóti yfir döðlurnar. Suðan látin koma upp og þá slökkt undir. Látið standa í 3 mín. Stappið döðlurnar aðeins í pottinum. Natrón sett út í. Smjör og sykur þeytt saman í annarri skál, síðan egginn sett ofan í og þeytt vel saman við. Þurffnum bætt saman við. Döðlurnar settar út í. Deigið sett í form og bakað í 20-25 mínútur. Á meðan kökurnar eru í ofninum er gott að gera karamelluna.

Karamellufylling

- 120 g smjör
- 115 g púðursykur
- ½ tsk. vanilludropar
- ½ bolli rjómi

Allt sett í pott og soðið í 7 til 10 mínútur. Það verður að passa vel að kara-

mellan brenni ekki. Hún á að vera vel þykk eins og glassúr. Þegar möffinsíð er tekið úr ofninum þarf að kæla það vel. Óþolinmóðir geta skellt því út í garð í smástund eða inn í ísskáp. Þegar möffinsíð hefur verið kælt skal taka úr hverju möffinsí líttinn tappa og setja til hliðar, tappann þarf að nota aftur til að loka möffinsinu. Gerið smá holu ofan í möffinsíð og setjið eina til tvær teskeiðar af karamellu ofan í holurnar og þá er tappinn settur aftur á. Þegar því er lokið er hægt að gera ítalska marengsin.

Ítalskur marengs

- 250 g sykur
- 50 ml vatn
- 4 eggjahvítur

Sjóðið sykurinn og vatnið í 117°C þar til hann þykkar. Þeytið eggjahvíturarnar. Hellið sykurleginum mjög rölega í langri bunu saman við þeytinguna og hrærið svo áfram í um það bil 2 mínútur. Sprautið ítalska marengsinum á með stjörnulaga sprautu. Stillið á grillið í ofninum og stingið kökunum með marengsinum inn í ofn í 30 sekúndur til 1 mínútu. Það þarf að horfa á kökurnar inni í ofninum og taka þær út um leið og marengsinn fer að verða gullinn, það gerist mjög hratt!

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

Leiðsögunámið í Ferðamálastólaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiða, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveigjanlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.



MAGNÚS JÓNSSON
FV. VEÐURSTOFUSTJÓRI



Ferðamálastólaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

SPORTHÚSIÐ

MÁNUDAGUR 2. SEPTEMBER 2013

KÓPAVOGI



” Crossfitsport samfélagið hefur reynst mér einstaklega vel, en ég fékk mikinn stuðning og hvatningu frá æfingafélögunum fyrir keppnina.

Hraustasti maður í heimi

Crossfit Sporthúsinu eignaðist heimsmeistara í lok sumars þegar Hilmar Þór Harðarson tryggði sér heimsmeistaratitilinn í mastersflokki í aldursflokknum 55-59 ára á heimsleikunum í crossfit.

Kependur í mastersflokki vinna sér inn keppnisrétt með því að verða meðal tuttugu efstu í sínum aldursflokkum á Crossfit Open sem fer vanalega fram á bilinu febrúar til mars ár hvert. Hilmar tryggði sig inn á heimsleikana annað árið í röð og kom til leiks reynslunni ríkari í ár eftir að hafa hafnað í fjórða sæti í fyrra.

Margir samverkandi þættir

Hilmar segir enga eina ástæðu fyrir bætingunni á milli ára heldur sé um marga samverkandi þætti að ræða. „Ég var í líkamlega góðu ástandi, æfði crossfit markvisst allan veturinn og hugsaði vel um mataræðið og var meðvitaður um mikilvægi hvíldarinnar.“

Tveimur og hálfum mánuði fyrir keppni fór Hilmar að æfa tvisvar á dag, sex daga vikunnar. „Snillingurinn hann Davíð Arnar sá um að þjálfar mig á þessu tímabili en hann er mjög fær bæði í styrktar- og liðleikaæfingum. Mér fór mikið fram á þessum tíma. Í keppninni sjálfri var ég svo mjög einbeittur, agaður og vandvirkur, og skilaði það sér í

fáum ógildum repsum (endurtekninum).“

Segist Hilmar hafa skipulagt hverja æfingu fyrirfram og hvernig hann skipti henni upp og fylgdi því út keppnina. „Leifur Geir og Davíð Arnar voru mér hjálplegir við það, enda þekka þeir mig vel, en ég held að þetta atriði hafi hjálpað mér mikið.“

Vissi að allt væri mögulegt

Hilmar vill meina að keppnisreynslan á síðasta ári hafi komið sér vel í ár. „Ég lærði af þeim mistökum sem ég gerði þá. Ég passaði mig líka að vera ekki með neinar sérstakar væntingar fyrir keppni en vissi að allt var mögulegt. Ég var því kannski ekki að velta hlutunum of mikið fyrir mér, ákvað bara að gera mitt besta og hafa gaman af.“

Hilmar segir hugarfarið hins vegar skipta öllu þegar í keppnina er komið. „Maður finnur sig svolítið einan þarna úti og verður að passa sig að láta ekki stressið ná tökum á sér, hugsa um eitthvað jákvætt og skemmtilegt, gera sitt besta og njóta þess að vera þátttakandi í þessu móti

sem fáir komast í. Mér tókst alltaf að vera rólegur þegar ég var kominn inn á leikvanginn, hugsaði til æfingafélaga, vina og ættingja sem voru að fylgjast með heima og það var góð tilfinning.“

Hilmar átti erfitt með að trúá því þegar hann fór fyrstur manna yfir marklínuna og það vel á undan næsta manni. „Þetta var ótrúleg tilfinning og mikil sigurvíma sem fór um líkamann.“ Eftir að hafa tekið við góðum kveðjum úr öllum átum skellti Hilmar sér í ísbað til að ná sér niður á jörðina.

Hefur engan bakgrunn úr íþróttum

Það á vel við í tilfelli Hilmar að það er aldrei of seint að byrja, en hann hefur engan bakgrunn úr íþróttum. „Ég byrjaði að hreyfa mig reglulega í kringum árið 2000 en þá var ég vel yfir kjörþyngd og rétt náði að skokka á milli ljósastaura. Ég fór svo að mæta í Sporthúsið árið 2005 og hef verið þar síðan og verið duglegur að taka þátt í ýmsum keppnum með þeim góða félagsskap sem þar er.“ Núna hefur Hilmar nafnbótina „The Fittest on Earth“ í sínum aldursflokkum.

Opnir tímar fyrir korthafa	Mánudagur opið 5:50 - 23:30	Þriðjudagur opið 5:50 - 23:30	Miðvikudagur opið 5:50 - 23:30	Fimmtudagur opið 5:50 - 23:30	Föstudagur opið 5:50 - 22:30
06:00-07:00		Body pump - Bjarney P (1)		Body pump - Bjarney P (1)	
06:00-06:55	Spinning (55 mín) - Sunna (2)		Spinning (55 mín) - Sunna (2)		
06:00-07:00		Tabata - Jens Andri (3)		Tabata - Jens Andri (3)	
06:05-07:05	Interval express - Valdís K (10)		Interval express - Valdís K (10)		Interval express - Valdís K (1)
07:00-07:30		Hot CXworx - Svanborg (5)		Hot cxwork - Svanborg (5)	
08:30-09:30	Morgunjaxlar - Jóhanna (1)		Morgunjaxlar - Jóhanna (1)		Morgunjaxlar - Jóhanna (1)
09:00-10:00		Styrkur & teygjur - Jens Andri (10)		Styrkur & teygjur - Jens Andri (10)	
08:45-09:45		Foam flex - Auður (5)		Foam flex - Auður (5)	
12:05-13:00	Spinning - Gunnhildur (2)	Tabata - Óli (3)	Spinning - Gunnhildur (2)	Tabata - Óli (3)	Foam flex - Valdís S (5)
12:05-13:00	Hádegispúl - Jens Andri (1)	Body pump express Bjarney P (1)	Hádegispúl - Jens Andri (1)	Body pump express - Bjarney P (1)	Hádegispúl - Jens Andri (1)
16:30-17:30	Súperþrek - Kristín V (1)		Súperþrek - Kristín V (1)		
17:30-18:30		Vaxtarmótun - Bára (1)		Vaxtarmótun - Bára (1)	Partíspinning - Jóna Ellen (2)
17:30-18:30	Body combat - Ragnheiður (1)	Power spinning - Gunnhildur (2)	Body attack - Jóna Ellen (1)	Power-spinning - Gunnhildur (2)	
17:30-18:30		Body attack - Jóna Ellen (9)			Body pump - Bjarney P (1)
17:30-18:30		Fit pilates - Áslaug (10)		Fit-pilates - Áslaug (10)	
17:30-18:40	Iron spinning - Valdís K (2)		Spinning extreme - Valdís K (2)		
17:30-18:45	Yoga - Arnbjörg (8)		Yoga - Arnbjörg (8)		
18:30-19:30		Zumba - Bára (1)		Zumba - Bára (1)	
18:30-19:30	Body pump - Steinunn (1)		Body pump - Steinunn (1)		
18:30-19:30	Tabata - Óli (4)		Tabata - Óli (4)		
19:40-20:40	Zumba - Auður (9)		Zumba - Auður (9)		
20:45-21:45	Foam flex - Gummi (5)		Foam flex - Gummi (5)		
Laugardagur opið 8.00 - 19.00		Sunnudagur opið 9:00 - 22:30			
10:00-11:00	Zumba - Bára (9)	10:00-11:00	Body pump - Bjarney P (1)		
10:00-11:00	Body pump - Svanborg (1)	11:00-12:00	Spinning - Bjarney B (2)		
10:00-11:30	Power spinning (90 mín) - Gunnh. (2)	11:00-12:00	Foam flex - Valdís S (5)		
11:00-12:00	Tabata - Jens Andri (1)	12:15-13:15	Foam flex - Eydís (5)		
11:00-12:30	Hot yoga stakur tími 90 mín (5)				





Magni að störfum.



Guðmundur, Jón Arnar, Magni og Gunnsteinn.



Glæsilegur hópur sjúkráþjálfara.

Þverfaglegt samstarf

Áhrifamikið samstarf ríkir milli sjúkráþjálfara, kírópraktora, nuddara og þjálfara í Sporthúsinu en samstarfið er það fyrsta sinnar tegundar hérlandis.

Sjúkráþjálfunin í Sporthúsinu hefur verið starfrækt frá 8. febrúar 2010. Um er að ræða fullbúna sjúkráþjálfunarstofu með sjö lokuðum starfsstöðvum og beinni tengingu við heilsurækt Sporthússins. Þar vinna átta sjúkráþjálfarar og móttökuritari.

Lögð er áhersla á forvarnir og eftirfylgni. Forvarnir eru einkum í formi hreyfigreiningar og ráðgjafar, heilsufarsmælinga og fræðslu, jafnt á námskeiðum sem opnum fyrirlesturum innanhúss eða úti í bæ.

Styrkur stofunnar liggur í staðsetningunni og því þverfaglega samstarfi sem þar er. Einkaþjálfarar hafa sent skjólstæðinga sína í greiningu og meðferð til sjúkráþjálfaranna, sem á móti hafa sent sína skjólstæðinga til áframhaldandi uppbyggingar hjá einkaþjálfurinum. Nuddstofa er í húsinu, en nudd reynist oft áhrifaríkt samhliða annarri meðferð. Kírópraktorstofa Íslands hefur verið rekin við hlið sjúkráþjálfunarinnar frá því í nóvember 2010. Fyrirkomulag samstarfs þessara



Sólveig Þráinsdóttir og Hildur Kristín Sveinsdóttir.

tveggja stofa er hið fyrsta sinnar tegundar á landinu. Sérfræðingarnir greina sömu skjólstæðinga út frá mismunandi nálgun, sem stuðlar að breiðari greiningu sem aftur ætti að leiða til betri árangurs.

Í nóvember árið 2010 opnaði Magni Bernhardsson Kírópraktor-

stofu Íslands í Sporthúsinu. Í dag starfa þar fjórir kírópraktorar og tveir móttökuritarar.

Starf kírópraktorsins er að finna og leiðrétta skekkju í stoðkerfi líkamans svo taugakerfið geti starfað á hámarksgetu.

Í fyrstu heimsókn tekur kírópraktorinn standandi röntgen-

Sjúkráþjálfunin SPORTHÚSINU

myndir og er Kírópraktorstofa Íslands með stafræn röntgentæki sem eru þau bestu sem völ er á. Öll greiningarvinna á röntgenmyndum fer fram á tölvuskjá fyrir framán viðskiptavininn, sem fær strax greiningu á vanda sínum. Að sjá hrygginn og fá útskýringar myndrænt hjálpar viðskiptavininum að skilja vandamálið og hvernig leiðrétting getur átt sér stað. Einnig eru gerðar styrktar- og hreyfigreiningar, því kírópraktorinn leggur mikið upp úr því að kenna fólki sérhæfðar teygjur og æfingar og þar af leiðandi verða meiri líkur á að langvarandi árangur náist. Kírópraktor meðhöndlar ekki eingöngu einkennin heldur finnur orsök vandans og leiðréttingu. Með því að koma eðlilegri hreyfigetu aftur á með réttum aðferðum getur líkaminn myndað smám saman stöðugleika og stöðvað óeðlilegan hraða á sliti.

Hryggurinn er grunnur að góðri heilsu. Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér!

HEILSUSTOÐ

STUÐNINGUR TIL AUKINNA LÍFSGÆÐA

Heilsustoð var stofnuð í febrúar 2013 og er samstarfsverkefni Sporthússins, Sjúkráþjálfunarinnar Sporthúsinu og Kírópraktorstofu Íslands.

Markmið Heilsustoðar er að veita þjónustu á sviði líkamspjálfunar fyrir einstaklinga og hópa sem þurfa á stuðningi fagfólks að halda eða vilja bæta líkamlega getu sína með stuðningi háskólamenntaðs fagfólks. Þjónustan hentar því vel þeim sem eru að ljúka meðferðum, hvort sem er hjá sjúkráþjálfara á stofu eða á stofnunum, s.s. Reykjalundi, á Grensá, í Hveragerði o.s.frv.

Heilsustoð ehf. býður upp á námskeið sem miða að því að efla almenna heilsu og hreyfigetu þeirra sem þurfa á endurhæfingu eða sérstökum stuðningi fagfólks að halda eða vilja stuðning við að breyta um lífsstíl. Í boði eru fjölbreytt námskeið sem henta vel bæði einstaklingum og hópum sem vilja auka líkamlegan styrk og virkni. Öll kennsla er í höndum fagfólks og eru gerðar ríkar kröfur til kennara félagsins hvað varðar gæði og ábyrgð.

Á MEÐAL NÁMSKEIÐA SEM VERÐA Í BOÐI Í HAUST ERU:

Stoðkerfisskóli I & II

Stoðkerfisskólinn er ætlaður fólki sem á við mikinn stoðkerfisvanda að stríða. Markmið skólans er að fræða skjólstæðingana, kenna þeim rétta líkamsbeitingu til að fyrirbyggja áframhaldandi vanda og að efla álagsspol og hreyfigetu fyrir dagleg störf. Allir þátttakendur Stoðkerfisskóla I fara í gegnum einstaklingsmat hjá sjúkráþjálfara áður en námskeið hefst. Í Stoðkerfisskólanum setja þátttakendur sér markmið og njóta stuðnings reyndra sjúkráþjálfara. Boðið er upp á fræðslu og æfingar á myndum til að nota á milli tíma.

Heilsuklúbbur – sex vikna námskeið fyrir þá sem ekki eiga við stoðkerfisvanda að stríða en vilja halda áfram uppbyggingu sinni úr öðrum úrræðum.

Hjartaklúbbur – fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við hjartasjúkdóma að etja.

Sykursýkisklúbbur – fyrir þá sem þjást af sykursýki.



Heilsustoð

60+ klúbbur

– fyrir einstaklinga 60 ára og eldri sem vilja auka lífsgæði með markvissri og fjölbreyttri hreyfingu. Liðleiki og styrkur. Fræðsla um ýmis heilsutengd málefni.

Karلاكlúbbur – fjölbreytt hreyfing fyrir karla.

Kvennaklúbbur – fjölbreytt hreyfing fyrir konur.

Hjónaklúbbur – fyrir hjón sem vilja stunda hreyfingu saman og í félagsskap annarra hjóna. Fjölbreytt hreyfing og fræðsla.

Heilsustoð býður einnig upp á fyrirlestra á ýmsum sviðum, s.s. um mataræði og fjölbreytta hreyfingu, geðheilsu, svefn o.s.frv. Fyrirlestrarnir eru þátttakendum á námskeiðum Heilsustoðar að kostnaðarlausu. Öll kennsla er á ábyrgð sjúkráþjálfara sem búa yfir áralangri reynslu af meðferð og uppbyggingu álagsspols einstaklinga til bættrar líkamlegrar og andlegrar vellíðunar. Að auki fá þátttakendur hvatningu og stuðning til þess að halda áfram uppbyggingu sjálfir, samhliða eða eftir að námskeiði lýkur.

Heilsustoð er með starfsemi í Sporthúsinu í Kópavogi og Reykjanesbæ.

Heilsustoð ehf. kt. 660213-2360.

Nánari upplýsingar og skráningar á netfangi heilsustod@heilsustod.is og í síma 863 5559.

HOT YOGA ÁSKORUN

4 vikur

Verð: 14.900 kr.

Ótakmarkaður aðgangur að 17 hot yoga tímum í viku + aðgangur að tækjasal og opnum hóptímum.

Hot yoga ÁSKORUN er upprunalega komin frá Bikram Choudhery, sem stofnaði hot yoga eða nánar tiltekið bikram yoga. Skorað er á fólk að mæta á hverjum degi í fjórar vikur. Árangurinn lætur ekki á sér standa og við höfum heyrt skemmtilegar frásagnir frá ólíkum einstaklingum sem hafa tekið áskoruninni og áhrifin eru allt frá því að léttast og styrkjast yfir í að losna við bakverki og aðra kvilla.

“Ég tók hot yoga-áskorun og æfði á hverjum degi í fjórar vikur og léttist um tíu kíló.”

“Hot yoga hefur gjörsamlega bjargað mjóbakinu á mér.”

“Hot yoga heldur mér við og ég er laus við stífar axlir og almenna stífni í líkamanum.”



heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboji Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðstaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarssdóttir
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

Parftu að selja fasteign? Við látum verkin tala

Auður
s. 824-7772
lögg.fasteignasali

Lóa
s. 698-8733
sölufulltrúi

Elín
s. 695-8905
lögg.fasteignasali

Aldís
s. 896-6686
sölufulltrúi

Fasteignasalan BÆR s. 512-3400



Einstök eign í Kópavogi

Fasteignasalan Þingholt hefur til sölu einstaklega glæsilega húseign á besta stað í Vesturbæ Kópavogs.

Um er að ræða parhús sem skiptist í austur- og vesturenda. Mögulegt er að kaupa allt húsið eða aðeins vesturendann.

PARHÚSIÐ SKIPTAST Á EFTIRFARANDI HÁTT:

Vesturendi: 155 fm og bílskúrsréttur. Nýtt gler er í öllu húsinu,

nýtt þakjárn á allri austurálm, vatns- og hitainntök og raflagnir eru nýlegar. Íbúðin er hæð, kjallari og ris. Á hæðinni eru stofur með arni, eldhús, forstofa, gestasalerni og tvö rúmgóð herbergi. Á efri hæð eru tvö herbergi og salerni. Í kjallara er þvottaadstaða og flísalögð sturta og snyrtiaðstaða.

Við vesturenda er gufubaðskofi (heimagerður), heitur pottur og útisturta á stórri tréverönd sem er umlukin gróðri og skjólveggjum.

Austurendi: 122,6 fm sem skiptist í 90,6 fm íbúð ásamt bíl-

skúr 32 fm. Íbúðin er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er forstofa, salerni með sturtuklefa, eldhús og þvottakrökur og útgengt í norðurgarð. Stofa með útgengi á hellulagða suðurverönd. Á efri hæð er rúmgótt herbergi undir súð með svölum og tvö önnur minni herbergi undir súð, salerni með antíkbaðkari.

Rúmlega 2.000 fm lóð er óskipt milli eignahluta Kópavogsbrautar 4. Unnið er að gerð eignaskiptasamnings sem mun skipta lóðinni milli eignanna.

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI

www.saft.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Stórkriki 2 - 270 Mosfellsbær

OPÍÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 18:00 til 18:30

Laus strax **Nýtt á skrá**

Eina alvöru penthouse íbúðin í Mosfellsbæ
Ný og glæsileg 247,5 m² penthouse íbúð í 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórkriki 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er svotil fullbúin með gólfefnum og innréttingum, en efri hæð, baðherbergi og þvottahús eru ófrágangin. Íbúðin skiptist í forstofu, tvær

rúmgóðar stofur, borðstofu, fjölskyldurými, eldhús, baðherbergi, þvottahús og fjögur rúmgóð svefnherbergi. Glæsileg eldhúsinnrétting og sérsmíaður stigi á milli hæða. Svalir og þaksvalir. Glæsilegt útsýni. **V. 49,9 m.**

Hrafnhöfði 8 - 270 Mosfellsbær

Laus strax

Mjög fallegt 162,6 m² endarahús með bílskúr í litlum botnlanga með fallegum garði við Hrafnhöfða 8 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög vel skipulagt endarahús, með eldhúsi með borðkrök, stofu, sjónvarpsholi, 4 svefnherbergjum, þvottahúsi, baðherbergi, geymslu og bílskúr með risherbergi. Stór timburverönd í suður og gott hellulagt bílplan fyrir framan húsið. **V. 47,8 m.**

Laus strax **Nýtt á skrá**

Heiðargerði 64 - 108 Reykjavík
152 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 42,0 m² bílskúr við Heiðargerði 64 í Reykjavík. Húsið er staðsett efst í botnlanga. Stór garður. Frábær staðsetning. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 53,9 m.**

Prastanes 20 - 210 Arnarnes
Falleg 1733 m² eignarlóð í litlum botnlanga við Prastanes 20 í Garðabæ (Arnarnes). Falleg lóð - Einstök staðsetning í grónu hverfi. **V. 29,9 m.**

Hjallasel 1 - 109 Reykjavík
298,6 m² endarahús í botnlanga með fallegu útsýni og aukaíbúð við Hjallasel 1 í Reykjavík. Eignin er á þremur hæðum, á jarðhæð er forstofa, svefnherbergi, þvottahús, bílskúr auk stúdíó íbúðar. Á 2. hæð er stofa, borðstofa, eldhús, sjónvarpshol, hjónaherbergi og baðherbergi. Á 3. hæð eru þrjú svefnherbergi og hol. **V. 58,5 m.**

Hjallasel 1 - 109 Reykjavík
298,6 m² endarahús í botnlanga með fallegu útsýni og aukaíbúð við Hjallasel 1 í Reykjavík. Eignin er á þremur hæðum, á jarðhæð er forstofa, svefnherbergi, þvottahús, bílskúr auk stúdíó íbúðar. Á 2. hæð er stofa, borðstofa, eldhús, sjónvarpshol, hjónaherbergi og baðherbergi. Á 3. hæð eru þrjú svefnherbergi og hol. **V. 58,5 m.**

Nýtt á skrá

Falleg og vel skipulögð 198,9 m² neðri sérhæð ásamt bílskúr með sérgarði við Dverghamra í Reykjavík. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol (væri hægt að breyta í herbergi), tvö baðherbergi, geymslu, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Bílskúrin er 31,5 m². **V. 43,9 m.**

Arnarhöfði - 270 Mosfellsbær

Mjög fallegt 187,8 m² endarahús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílplan fyrir framan húsið er hellulagt og garðurinn gróinn með fallegri timburverönd. Húsið er staðsett á fallegum stað við opið svæði. Stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar. **V. 48,5 m.**

Steinás 12 - 210 Garðabær

OPÍÐ HÚS

Fallegt og vel skipulagt 144,5 m² einbýlishús ásamt 50 m² bílskúr við Steinás 12 í Garðabæ. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi. Góður garður. **V. 56,9 m.**
Opið hús miðvikudaginn 4 september frá kl. 17:30 til 18:00

Laus strax **Nýtt á skrá**

Skjólbraut 2 - 200 Kópavogur

OPÍÐ HÚS

95,4 m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í 3ja hæða fjörbýlishúsi ásamt 24,5 m² bílskúr við Skjólbraut 2 í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, miðrymi, eldhús, baðherbergi, tvær samliggjandi stofur og stórt svefnherbergi. Eigninni fylgir geymsla í kjallara og hlutdeild í sameiginlegu þvottahúsi. **V. 25,9 m.**
Opið hús þriðjud. 3 september frá kl. 17:30 til 18:00

Laus strax **Nýtt á skrá**

Dverghamrar 22 - 112 Reykjavík

Nýtt á skrá

Falleg og vel skipulögð 198,9 m² neðri sérhæð ásamt bílskúr með sérgarði við Dverghamra í Reykjavík. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol (væri hægt að breyta í herbergi), tvö baðherbergi, geymslu, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Bílskúrin er 31,5 m². **V. 43,9 m.**



Jón Guðmundsson
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórolfsson
Söluhæfur
pall@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

3JA HERBERGJA

**ÓSKUM EFTIR
3JA, 4RA og 5
HERBERGJA
ÍBÚÐUM Í 101
OG 107 FYRIR
TRAUSTA
KAUPENDUR**



BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.
